

EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	3
Skýrsla framkvæmdastjóra	4
Yfirlit yfir starfsemi NSA	6
Starfsmenn	10
Stjórn	11
Fulltrúar NSA í stjórnnum fyrirtækja	12
Helstu fjárfestingarverkefni NSA	15
Ársreikningur	31
Rekstrarreikningur árið 2008	35
Efnahagsreikningur	36
Skýringar	39



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
ÁRSSKÝRSLA 2008





NÝSKÖPUN Í NÝSKÖPUN **ÁVARP STJÓRNARFORMANNS**

Algjör umskipti hafa orðið á högum okkar Íslendinga á síðustu misserum. Skammt er síðan allir vegir virtust færir og ekkert ómögulegt. Við höfum með óþyrmilegum hætti verið minnt á að vanda skal ef lengi á að standa. Því sem liðið er verður ekki breytt en nauðsynlegt er að draga lærdóm af þessari dýru lexíu og gera allt til þess að skapa okkur bjarta en ekki síst trausta framtíð.

Þrátt fyrir að margt hafi áunnist á sviði nýsköpunar á liðnum árum er langt frá því að árangurinn á því sviði sé ásættanlegur. Eini raunverulegi mælikvarðinn sem hægt er að leggja á árangur eru þau fyrirtæki, gömul og ný, þar sem hefur tekist að auka virðisauka, auka gjaldeyristekjur og skapa verðmæt störf sem styrkja tekjugrundvöll þjóðarinnar.

Nýsköpun, þróun og rannsóknir eru því marki brennd að taka tíma og eru flókin blanda hugvits, peninga, aðstæðna, þrautseigju, menntunar, markaðssetningar og skipulags. Það er skylda okkar að taka til hendinni og straumlínulaga allt okkar kerfi með það í huga að einfalda það og gera skilvirkara. Það þarf ekki síður að setja skýr markmið. Við þær aðstæður sem nú ríkja á að efla nýsköpunarstarf til muna. Það er ekki hluti af skammtímalausn heldur þáttur í að tryggja framtíðina. Takist okkur ekki að skapa nýtt og efla atvinnulífið til mikilla muna erum við dæmd til að dragast aftur úr öðrum þjóðum í lífsgæðum.

Hlutverk fjárfesta á borð við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins hefur aldrei verið brýnna en einmitt nú þegar fjármagn er af skornum skammti í hefðbundnum fjármálastofnunum eða er svo dýrt og áhættufælið að það gagnast ekki nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.

Nú þarf að hugsa stórt og hefja nýsköpun í nýsköpuninni.

JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON, STJÓRNARFORMAÐUR



SKÖPUNARKRAFTURINN VIRKJADUR

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Það áfall sem efnahagslífið varð fyrir haustið 2008 með hruni bankanna mun hafa víðtæk áhrif á íslenskt atvinnulíf og samfélag til margra ára. Mikil verðmæti hafa tapast og orðspor okkar hefur beðið hnekki á erlendum vettvangi. Það mun taka einhver ár að endurheimta þau verðmæti sem horfið hafa úr íslensku efnahagslífi en miklu lengri tíma gæti tekið að endurheimta það traust og þá virðingu sem Ísland hefur notið meðal annarra þjóða. Nú skiptir hins vegar mestu máli að líta til framtíðar og spyrja á hvaða grunni og á hvaða gildum viljum við byggja upp og endurreisa íslenskt atvinnu- og efnahagslíf.

Eitt mikilvægasta verkefnið í efnahagsmálum á komandi árum verður að byggja upp enn fjölbreyttara atvinnulíf í landinu og skapa arðbær og áhugaverð störf. Atvinnustarfsemi, sem byggir á hugviti, hönnun og nýrri tækni fyrir sölu á erlendan markað mun skipta sköpum í þessu sambandi. Þar skiptir stuðningur við sprotafyrirtæki gríðarlegu máli. Í alþjóðlegum samanburði sýnir sig að frumkvöðlahugsun og áræðni til að takast á við nýsköpun er rík meðal Íslendinga. Þennan sköpunarkraft þarf að virkja í enn ríkara mæli og með því skapa þá orku sem þarf til að búa til ný störf og nýjar útflutningstekjur. Á síðustu árum hafa auknir fjármunir verið settir í Tækniþróunarsjóð til að styrkja áhugaverð rannsóknar- og nýsköpunarverkefni og er það mjög jákvæð þróun. Það þarf líka að huga að því hvað tekur við að rannsóknum loknum. Samkvæmt könnun sem gerð hefur verið í ESB kemur í ljós að einn mikilvægasti þátturinn til nýsköpunar í atvinnulífinu er að styrkja möguleika sprotafyrirtækja til aðgangs að hlutafé.

Á árinu 2008 voru 10 ár liðin frá því að NSA hóf sína starfsemi en stofnfé hans kom að stærstum hluta frá Fiskveiðasjóði og Lðnlánasjóði og þannig í reynd frá atvinnulífinu sjálfu. Það er í raun merkileg staðreynd hvað lítið fjármagn hefur fram til þessa komið beint frá ríkinu til NSA. Í raun er nánast eina ákvörðunin um aukið fjármagn sú sem Alþingi tók árið 2005 í tengslum við ráðstöfun á sölu- andvirði Landsímans. Það er ótrúlegt að þrátt fyrir bankahrun og allt tal um að

efla nýsköpun til að sporna við atvinnuleysi hefur engin ákvörðun verið tekin síðan 2005 um að efla NSA til að takast á við vaxandi þörf fyrir aukið fjármagn til að styrkja vöxt sprotafyrirtækja.

Almennt rekstrarumhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja batnaði á síðasta ári frá árinu á undan. Ástæður þess eru í fyrsta lagi lækkun á gengi íslensku krónunnar en hátt raungengi hefur gert öllum vaxtarsprotum í útflutningi mjög erfitt fyrir á undanförnum árum. Í öðru lagi er ástæðan sú að nú eru auknir möguleikar fyrir sprotafyrirtæki að ráða til sín sérhæft starfsfólk en það hefur verið mjög erfitt á undanförnum misserum, m.a. vegna erfiðrar samkeppnisstöðu gagnvart bankageiranum.

Í ársbyrjun 2009 átti NSA hlut í 33 fyrirtækjum. Velta þessara fyrirtækja á árinu 2008 var um 6 milljarðar króna og jókst hún um 50% frá árinu á undan. Áætluð velta þeirra árið 2009 er um 9 milljarðar króna og hjá þeim starfa 470 manns. Á síðasta ári náði eitt af þeim fyrirtækjum sem NSA hefur verið þátttakandi í nánast frá upphafi, Nikita ehf, þeim merka áfanga að vera með meira en 1 milljarð króna í ársveltu.

Fjárfestingar NSA á síðasta ári námu alls 890 milljónum króna, þar af námu kaup á hlutafé 634 milljónum króna, lán með breytirétti í hlutafé 216 milljónum króna og fjárfestingar í samlagssjóðum 40 milljónum króna. Sjóðurinn keypti hlutafé í alls 5 nýjum fyrirtækjum og í 10 fyrirtækjum sem hann átti í fyrir.

Einn merkilegasti áfangi í sögu NSA átti sér stað í júní á síðasta ári þegar samlagshlutafélagið Frumtak var stofnað. Upphaf þess máls má rekja aftur til desember 2005 þegar Alþingi ákvað að verja 1.500 milljónum króna til NSA til að leggja í nýjan fjárfestingarsjóð gegn því að sjóðnum tækist að útvega a.m.k. sömu fjárhæð frá öðrum fjárfestum. Mikið starf var unnið á vegum NSA í kjölfar-

ið við að koma sjóðnum á laggirnar. Ýmsar hindranir þurfti að yfirstíga, m.a. að fá samþykki Samkeppniseftirlitsins fyrir því að viðskiptabankarnir þrír mættu standa saman að stofnun fjárfestingarsjóðs til að fjárfesta í sprotafyrirtækjum. Þegar bankarnir hrundu í byrjun október skapaðist óvissa um þátt þeirra en í desember var staðfest að þeir yrðu áfram með í Frumtaki en að framlag þeirra mundi minnka um 40%.


Afkoma Nýsköpunarsjóðs á árinu 2008 var í heild neikvæð um 237 milljónir króna. Ávöxtun af fjárvörslu sjóðsins var neikvæð um 0,9% en sú ávöxtun sem orðið hafði til á árinu hvarf öll í bankahruninu í október. Framlag á afskrifta-reikning nam samtals 342 milljónum króna en þar er um að ræða varúðarfærslu, m.a. vegna þeirrar óvissu sem nú ríkir almennt í efnahagsmálum og á fjármálamörkuðum í heiminum. Heildareignir um áramótin voru 4.071 millj.kr. og þar af voru veltufjármunir 2.030 millj.kr. og fastafjármunir 2.042 millj.kr. Eigið fé í árslok var 3.831 millj.kr.

Sú mikla gróska sem ríkir í starfsemi sprotafyrirtækja um þessar mundir og sá árangur sem mörg þeirra hafa sýnt á undanförunum árum staðfestir hvaða árangri má ná í atvinnuuppbyggingu á Íslandi í formi fjölbreyttrar flóru smærri fyrirtækja þar sem mannauðurinn er orkan og hreyfiaflið. Samkvæmt nýlegri samantekt má ætla að í landinu séu starfandi vel á annað hundrað fyrirtæki sem flokka má undir sprotafyrirtæki. Eitt mikilvægasta verkefnið í efnahagsmálum á komandi árum er að hlúa að og styðja við uppbyggingu þessara fyrirtækja. Verði það gert mun verða til fjöldi nýrra starfa og um leið auknar gjaldeyrstekjur fyrir þjóðarbúið.

Ég þakka stjórn og starfsmönnum NSA fyrir mjög gott samstarf á liðnu ári.

FINNBOGI JÓNSSON

Þróun í veltu 28 fyrirtækja sem NSA á hlut í ásamt áætlaðri veltu 2009



YFIRLIT YFIR STARFSEMI NSA


TÍU ÁR FRÁ STOFNUN NSA

Í ársbyrjun 2008 voru 10 ár liðin frá stofnun NSA. Í upphafi greindist starfsemi Nýsköpunarsjóðs í þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi fjárfestingar í áhugaverðum nýsköpunarverkefnum með hlutfjárkaupum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Í öðru lagi styrkveitingar til vöruþróunar- og markaðsaðgerða í fyrirtækjum til að auka samkeppnishæfni þeirra. Í þriðja lagi umsjón með framlagi ríkissjóðs til fjögurra Framtakssjóða sem ætlað var að efla upplýsinga- og hátækniþætti á landsbyggðinni. Með lögum frá Alþingi árið 2007 var starfsemi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins gerð markvissari með því að einskorða hana við beinar fjárfestingar í starfandi sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum með hlutfjárkaupum eða tímabundnum lánveitingum með breytirétti í hlutfé. Um leið voru allar styrkveitingar lagðar niður og Tækniþróunarsjóður eflur og gerður öflugri til að mæta þörf fyrir styrki til nýsköpunar. Auk áðurnefndrar starfsemi hefur NSA frá upphafi haft umsjón með Tryggingadeild útflutnings sem ætlað er að veita útflutningsábyrgðir skv. sérstökum skilmálum. Sú starfsemi hefur aldrei náð fótfestu þar sem viðskiptabankarnir hafa í raun sinnt þeirri þörf sem henni var ætlað að mæta.

STOFNFÉ NSA OG INNGREIÐSLUR 1998–2008

Í upphafi nam eigið fé stofnsjóðs Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fjórum milljörðum króna. Frá þeim tíma hefur eigið fé sjóðsins verið styrkt nokkrum sinnum en þar vegur þyngst ákvörðun Alþingis í árslok 2005 þegar ákveðið var að verja einum milljarði króna af sölu andvirði Landsíma Íslands til NSA ásamt einum og hálfum milljarði til viðbótar sem mundi greiðast á sama tíma og NSA fjárfesti í samlagssjóðum með öðrum fjárfestum. Framlög frá ríkinu til styrkingar á eigin fé stofnsjóðsins á tímabilinu 1998–2008 eru sýnd á súluritinu hér á síðunni. Á árinu 2004 var hlutdeild ríkissjóðs í eigin fé Framtakssjóða færð stofnsjóði NSA til eignar, alls 502 milljónir króna. Árið 2007 var vöruþróunar- og markaðsdeild lögð niður og eigið fé deildarinnar að upphæð 166 milljónir króna fært til aukningar á eigin fé stofnsjóðs. Í ársbyrjun 2006 fékk NSA síðan sérstakt fjárframlag úr ríkissjóði að upphæð sem nemur einum milljarði króna. Þessi fjárveiting er í raun eina peningaframlagið frá ríkinu til NSA á þeim 10 árum sem liðin eru frá stofnun sjóðsins ef frá er talið sérstakt 200 milljóna króna framlag 2006 sem ætlað var til tiltekins verkefnis vegna lokunar Kísilverksmiðjunnar við Mývatn. Á árunum 2007 og 2008 fékk Nýsköpunarsjóður greiddar samtals 149 milljónir króna vegna þátttöku sjóðsins í samlagshlutafélögum í samræmi við ákvörðun Alþingis í árslok 2005. Heildarinnngreiðslur í stofnsjóð Nýsköpunarsjóðs á árunum 1998 til 2008 nema því alls 6.117 milljónum króna.

Innborganir og framlög til styrkingar stofnsjóðs NSA 1998 – 2008



1.304 milljónum króna. Í árslok 2008 er NSA enn eignaraðili í 32 fyrirtækjum eða um fjórðungi af þeim sem fjárfest hefur verið í frá upphafi og nemur kaupverð hlutfjár í þessum félögum samtals 1.835 milljónum króna. Á árunum 1998 til 2007 veitti NSA styrki samtals að fjárhæð 728 milljónir króna.

STOFNUN FRUMTAKS

Þann 3. júní 2008 var formlegur stofnfundur Frumtaks slhf haldinn í Reykjavík. Á fundinum lá fyrir samþykki sex lífeyrissjóða, Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Sameinaða lífeyrissjóðsins, Gildis, Stapa og Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, um að kaupa hluti fyrir samtals 1.650 milljónir króna. Þá lá fyrir samþykki viðskiptabankanna Þriggja, Landsbanka Íslands, Kaupþings banka og Glitnis banka, að kaupa hluti fyrir samtals 1.500 milljónir króna. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hafði samþykkt að kaupa hluti fyrir samtals 1.500 milljónir króna. Heildarhlutafjárloforð námu þannig 4.650 milljónum króna. Í kjölfar bankahrunsins í október 2008 var hlutafjárframlag viðskiptabankanna lækkað úr 500 milljónum króna frá hverjum banka í 300 milljónir króna. Hlutur Nýsköpunarsjóðs og lífeyrissjóðanna breyttist hins vegar ekki og er heildarstærð sjóðsins því 4.050 milljónir króna.

FJÁRFESTINGAR NSA 1998–2008

Á tímabilinu 1998 til 2008 hefur Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fjárfest í alls 122 fyrirtækjum fyrir samtals 5,3 milljarða króna. Af þessum fyrirtækjum hefur um helmingur eða alls 58 fyrirtæki orðið gjaldþrota eða hlutur NSA verið afhentur viðkomandi frumkvöðli án teljandi greiðslu. Fjórðungur hefur verið seldur eða 32 fyrirtæki og nemur heildarsöluverð eignarhluta NSA samtals

Rekstrar- og ábyrgðaraðili Frumtaks slhf er Frumtak GP en það félag er í eigu NSA, Íslandsbanka og NBI. Rekstur Frumtaks hófst í ágúst 2008 þegar dr. Eggert Claessen var ráðinn framkvæmdastjóri sjóðsins. Fjöldi verkefna hefur verið til skoðunar hjá Frumtaki frá því að sjóðurinn hóf starfsemi og hefur þegar verið fjárfest í tveimur verkefnum. Formaður stjórnar Frumtaks GP er Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri NSA og aðrir stjórnarmenn eru Ásta Dís Óladóttir, forseti viðskiptadeildar Háskólans á Bifröst, varaformaður, Baldur Vilhjálmsson, sjóðstjóri hjá LSR, Gunnlaugur Briem, eignastýringarsviði LV og Haukur Skúlason, framkvæmdastjóri hjá Íslandsbanka.

Lög um ráðstöfun á söluandvirði Landsímans voru felld úr gildi í desember 2008. Í kjölfarið var gerður formlegur samningur milli fjármálaráðuneytis fyrir hönd ríkissjóðs og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins þar sem staðfest er að Nýsköpunarsjóður fær þá fjármuni sem Alþingi ákvað árið 2005. Í áðurnefndum lögum var m.a. gert ráð fyrir að Nýsköpunarsjóður fengi alls 1500 milljónir króna úr ríkissjóði til að standa undir hlutdeild sjóðsins í stofnun nýrra samlagssjóða með lífeyrissjóðum og öðrum fjárfestum.

Frumtak fjárfestir í fyrirtækjum sem eru komin lengra í þróunarferlinu en þau fyrirtæki sem Nýsköpunarsjóður fjárfestir í. Það hefur sýnt sig að þarna í þróunarferlinu hefur einnig verið verulegur skortur á áhættufé til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.

Eignasafn NSA í ársbyrjun 2009

Í janúar 2009 átti NSA hlut í alls 33 félögum. Heildarfjárfesting í þessum fyrirtækjum á verðlagi í janúar 2009, ásamt lánum með breytirétti í hlutafé, nam samtals um 3 milljörðum króna, þar af nam fjárfesting í hlutafé um 2,4 milljörðum króna miðað við framreiknað verðlag. Á árinu 2008 var velta þessara fyrirtækja 6 milljarðar króna. Áætluð velta fyrirtækjanna árið 2009 er um 9 milljarðar króna og hjá þeim störfuðu 470 manns í maí 2009.

FJÁRFESTINGAR NSA ÁRIÐ 2008

Á árinu 2008 fjárfesti Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fyrir samtals 890 milljónir króna, þar af námu kaup á hlutafé 634 milljónum króna, lán með breytirétti í hlutafé alls 216 milljónum króna og fjárfestingar í samlagsfélögum 40 milljónum króna. Í desember 2008 samþykkti stjórn NSA að fjárfesta í sprotafyrirtækinu gogoyoko en engar greiðslur áttu sér stað fyrr en í janúar 2009 þannig að sú fjárfesting er ekki með í ofangreindum tölum.

Sjóðurinn keypti hlutafé í 5 nýjum fyrirtækjum og í 10 fyrirtækjum sem hann átti hluti í fyrir. Að meðtöldum lánum með breytirétti og fjárfestingum í samlags-sjóðum var alls fjárfest í 20 félögum. Hér á eftir verður sagt nánar frá einstökum fjárfestingum.

1 Stiki ehf: 80 MKR hlutafé

Fyrirtækið sérhæfir sig í þróun hugbúnaðarlausna fyrir heilbrigðisþjónustu og fjármálageirann. Stiki ehf veitir einnig ráðgjöf í gæðastjórnunarkerfum og upplýsingaöryggi, auk þess að veita sérstaka ráðgjöf í upplýsingatækni fyrir fyrirtæki og stofnanir. Innkoma NSA gerði fyrirtækinu kleift að hefja markaðsaðgerðir erlendis og hefur verið unnið að undirbúningi þess á þessu ári. Fyrstu viðbrögð lofa góðu. Árið 2007 var fjárfest í fyrirtækinu fyrir 20 MKR.

2 Fjölblendir ehf: 114 MKR hlutafé og 25 MKR lán með breytirétti

Fjölblendir er fyrirtæki um hönnun og sölu á nýrri gerð af blöndungi fyrir smávélar. Blöndungurinn á að stuðla að betri nýtingu eldsneytis og draga verulega úr losun mengandi efna. Keyptur var um 11% eignarhlutur í byrjun árs og í nóvember var ákveðið að veita félaginu 60 MKR lán með breytirétti í hlutafé. Alls voru 25 MKR af því borgaðar út á árinu 2008.

3 Valka ehf: 35 MKR hlutafé

Nýsköpunarsjóður keypti 20% eignarhlut í Völku ehf og var nýju fjármagni ætlað að styrkja fyrirtækið í alþjóðlegri markaðssetningu á framleiðsluvörum fyrirtækisins sem eru vélar fyrir fiskvinnslu, aðallega á sviði flokkunar og þökkunar, og hugbúnaður, vogir og tæki til merkinga. Vörurnar eru seldar undir nafninu RapidSolutions.

4 Kine ehf: 30 MKR hlutafé

NSA tók þátt í hlutafjárukningu í Kine á árinu til jafns við Vogun hf til að fjármagna þróunar- og markaðsstarf félagsins. Kine ehf starfar á sviði lífaflfræði með áherslu á mælingar á mannlíkamanum við endurhæfingu, íþróttir og vinnuvistfræði. Vörurnar byggja á hugbúnaði og rafeindatækni. Kine ehf hefur starfað í átta ár, m.a. við þróun á hreyfigreini sem byggir á algerlega þráðlausum vöðvarita. Kine ehf er fyrst fyrirtækja í heiminum til að setja þessa tækni á markað. Áður höfðu verið greiddar inn í félagið í formi hlutafjár 69 MKR og 35 MKR í lánum.

5 Atall ehf: 10 MKR hlutafé og 20 MKR lán með breytirétti

Á árinu hefur NSA keypt hluti í félaginu fyrir 10 milljónir króna og einnig lánað því sömu upphæð. Atall hennar, þróar og selur tættara eða hakara fyrir sláturhús og fiskvinnslur. Fyrsta eintakið af þessum vélum er komið í fulla notkun hér innanlands og í maí 2009 er verið að setja fyrsta hakkarann upp í Danmörku. NSA keypti hluti í félaginu fyrir 20 MKR árið 2007.

6 Genis ehf: 26 MKR hlutafé

NSA tók þátt í hlutafjárukningu í samræmi við sinn eignarhlut til að fjármagna þróunarstarfið á árinu. Félagið hefur rannsakað og þróað efni úr kítini sem sýnt hafa fjölbreytta lyfjavirkni. Áður hefur NSA keypt hlutafé fyrir 84 milljónir króna í félaginu.

7 Sjávarleður ehf: 2 MKR hlutafé

NSA tók þátt í hlutafjárukningu í Sjávarleðri ehf á móti öðrum hluthöfum. Sjávarleður er félag um framleiðslu á leðri úr roði. Hlutafjárukningin var til að kosta endurhönnun á merki og markaðsefni félagsins. Fjárfesting sjóðsins áður í fyrirtækinu er 38 milljónir króna.

8 Stjörnu-Oddi hf: 13 MKR hlutafé

Stjörnu-Oddi er hátækniyfirtæki sem sérhæfir sig í þróun og framleiðslu á mælitækjum til lífmælinga. Sjóðurinn keypti viðbótarhlut í fyrirtækinu á árinu fyrir 13 milljónir króna og jókst þá eignarhlutur sjóðsins úr 26% í 36%. Fjárfesting sjóðsins áður í fyrirtækinu er 40 milljónir króna.

9 Hafmynd ehf: 50 MKR hlutafé og 100 MKR lán með breytirétti

Félagið hennar og smíðar og selur sjálfstýrða smákafbáta. Vonast er til að helstu vandamál séu að baki og félagið sé að breytast úr hreinu rannsóknar- og þróunaryfirtæki í markaðsfyfirtæki. Afhendingar undanfarið hafa gengið betur en áður og áhugi á fyrirtækinu fer vaxandi. Fram til ársins 2007 hafði sjóðurinn keypt hlutafé í fyrirtækinu fyrir 100 milljónir króna.

10 Lifeind ehf: 13 MKR hlutafé og 9 MKR lán með breytirétti

Lifeind ehf er rannsóknar- og þróunaryfirtæki í líf- og erfðatækni. Það hefur skapað sér sérstöðu innan líftæknigeirans með nýrri tegund tvívíðs rafdráttar til greiningar á flóknum kjarnsýrusýnum. Markmið félagsins er að þróa og markaðssetja þessar einkaleyfavörðu aðferðir og samhliða tækjabúnað til slíkra greininga. Áður hafði sjóðurinn keypt hlut í félaginu fyrir 23 milljónir króna og lánað því 8 milljónir króna.

11 Oxymap ehf: 26 MKR hlutafé

Félagið Oxymap er sprottið út frá HÍ og Landspítala um rannsóknir á augnbotnum og súrefnisinnihaldi æða þar sem notuð er tækni við myndgreiningu frá gervitunglum. Sjóðurinn fjárfestir í félaginu í gegnum Framtíðartækni ehf sem NSA á ásamt nokkrum einstaklingsfjárfestum. Sjóðurinn hefur greitt um 25 milljónir króna af fyrirhugaðri fjárfestingu NSA sem nemur alls 85 milljónum króna.

12 Dohop ehf: 77 MKR hlutafé

Dohop.com er vefur sem býður ferðalöngum upp á flugleit sem nær yfir 600 flugfélög um allan heim. Auk þess að vera mjög ítarleg og hraðvirk hefur leit-arvél Dohop þá sérstöðu að finna ódýra tengimöguleika með lággjaldaflugfélögum. Með Dohop geta ferðalangar fundið á augabragði hvaða flugfélög bjóða hentug flug, á hvaða verði og hvar má bóka.

13 Akthelia ehf: 25 MKR hlutafé

NSA keypti 15% eignarhlut í félaginu á árinu 2008. Félagið er vaxtarsproti út úr Háskóla Íslands og Karolinska Institutet í Stokkhólmi sem byggir á uppgötvunum á efnum með lyfjavirkni sem gagnast geta gegn bakteríusýkingum. Nýju fjármagni er m.a. ætlað að undirbúa og forma félagið sem eignar- og rekstraraðila, fjármagna frekari umsóknir um einkaleyfi og að hluta fjármagna áframhaldandi rannsóknir og þróunarstarfsemi.

14 Nikita ehf: 133 MKR hlutafé og viðbótarlán 20 MKR

Nikita ehf hannar og selur fót undir vörumerkinu NIKITA og er slagorð þess *For girls who ride* mjög vel þekkt meðal alþjóðlegs markhóps fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir vel heppnaða hönnun og markaðssetningu. Vörur félagsins eru nú seldar í yfir eitt þúsund og fimm hundruð sérsverslunum í um þrjátíu löndum. Á árinu 2008 náði félagið þeim árangri að fara í fyrsta skipti yfir 1 milljarð króna í ársveltu. Með hlutafjárkaupum NSA á árinu jókst eignarhlutur sjóðsins úr 31% í 42%.

15 Norrænar myndir ehf: 30 MKR lán með breytirétti í hlutafé

NordicPhotos ehf sérhæfir sig í sölu ljósmynda í gegnum Internetið um allan heim eftir ljósmyndara á Norðurlöndunum ásamt því að selja ljósmyndir úr þekktum erlendum myndabönkum á Norðurlöndum. NordicPhotos er með samninga við yfir 500 ljósmyndara frá öllum Norðurlöndunum ásamt umboðum fyrir meira en 30 erlend myndasöfn. Á árunum 2003–2007 keypti NordicPhotos fjóra sænska ljósmyndabanka og einn norskan. Áður hafði sjóðurinn keypt hlutafé fyrir 49 milljónir króna og lánað því 25 milljónir króna.

16 Intelscan ehf: 5 MKR lán

Félagið hefur þróað tæki sem mælir rakainnihald í efnum; mjöli, korni, kexi, kaffi, skyri, þorskhausum o.fl. Félagið jók verulega veltu sína á síðasta ári og eru vísbendingar um að félagið sé nú að ná tiltekinni fótfestu á markaðnum. Áður hafði NSA keypt hlutafé í fyrirtækinu fyrir 77 milljónir króna og lánað því 15 milljónir króna.

17 Marorka ehf: 7 MKR brúarlán

Marorku var veitt brúarlán vegna væntanlegrar hlutafjárukningar. Marorka þróa, markaðssetur og selur hugbúnað og stýrikerfi til að hámarka orkunýtingu í skipum og frystihúsum. Fyrirtækið fékk á sl. hausti Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlanda. Í maí 2009 var félagið að gera risasamning við norskt fyrirtæki um kaup og endursölu á hugbúnaðarframleiðslu fyrirtækisins. Áður hafði NSA keypt hlutafé í fyrirtækinu fyrir 85 milljónir króna.

18 Menn og mýs ehf: Láni breytt í hlutafé 17 MKR

Á síðasta ári var lánunum sem veitt voru fyrirtækinu árið 2007 breytt í hlutafé. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróun og sölu hugbúnaðarlausna fyrir stjórnun og eftirlit á IP- og DNS-umhverfi stærri netkerfa. Áður hafði NSA keypt hlutafé í fyrirtækinu fyrir 53 milljónir króna.

19 BRÚ II: Innborgun hlutdeildar 26 MKR

Á síðasta ári voru innkallaðar 26 milljónir króna sem var hlutdeild NSA í fjárfestingu BRÚAR II á árinu 2008. Í upphafi ársins 2007 var ákveðið að taka þátt í uppbyggingu fjárfestingarsjóðsins BRÚAR II með 250 milljóna króna hlutdeildarframlagi. Helstu fjárfestar í Brú eru Straumur og lífeyrissjóðirnir. Innköllunin í þetta skiptið var vegna fjárfestingar í tölvufyrirtækinu Theriak. Theriak hefur þróað tölvukerfi sem heldur utan um lyfjagjafir hjá heilbrigðisstofnunum og eykur öryggi lyfjagjafa og yfirsýn yfir þær. Áður höfðu verið innkallaðar 109 milljónir króna.

20 Auður I: Innborgun hlutdeildar 14 MKR

Í byrjun árs 2008 var ákveðið að taka þátt í fjármögnun sjóðsins Auður I með samtals 250 milljóna króna framlagi. Fyrstu greiðslur NSA til Auðar fóru fram á fyrri hluta ársins, alls 14 milljónir króna. Fyrsta fjárfesting Auðar I var í ELM ehf sem er hönnunar- og framleiðslufyrirtæki á fötum fyrir konur. Framleiðslan er seld á Íslandi, í Bandaríkjunum og Evrópu.

Seldir eignarhlutar á árinu 2008

Á árinu 2008 voru aðeins seldir eignarhlutar í fjórum fyrirtækjum. Um er að ræða fyrirtækin Adsoft ehf, Knowledge Solution Group, Myllan Carberry, TM Software ehf og Íslenska lífmassafélagið ehf. Heildarsöluverð þessara félaga nam 33 milljónum króna. Afskriftir af þessum félögum námu á annað hundrað milljónum króna.



STARFSMENN NSA OG FRUMTAKS 2009

Starfsmenn sjóðsins hafa lengst af verið um 10 en síðustu tvö árin hafa þeir verið 5. Frá og með maí 2009 verða þeir 6 en þá bættist Helga Valfells í hópinn. Stjórn sjóðsins skipa nú Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, formaður, Arnar Sigurmundsson, formaður stjórnar Samtaka fiskvinnslustöðva, varaformaður, Ágústa Guðmundsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, Grétar Þorsteinsson, fyrrv. formaður ASÍ og Guðný Hrund Karlsdóttir, viðskiptafræðingur.

Í desember 2008 fluttu Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Frumtak í sameiginlegt húsnæði í Húsi verslunarinnar. Starfsemi NSA hafði þá verið Húsi atvinnulífsins að Borgartúni 35 frá því árið 2002.

Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í maí 2009 eru *Finnbogi Jónsson*, framkvæmdastjóri, *Gísli Benediktsson*, sérfræðingur, *Finnur Árnason*, sérfræðingur, *Helga Valfells*, sérfræðingur, *Smári Þórarinnsson*, fjármálastjóri og *Svala Vignisdóttir*, ritari.

Starfsmenn Frumtaks eru Eggert Claessen, framkvæmdastjóri og Svana Gunnarsdóttir, sérfræðingur fjárfestinga.



Grétar Þorsteinsson

Grétar er fæddur og uppalinn austur á Rangárvöllum. Lauk sveinsprófi í húsmíði 1962, starfaði í byggingariðnaðinum til 1978. Kjörinn formaður Trésmíðafélags Reykjavíkur 1978, nokkrum árum síðar kjörinn formaður Sambands byggingarmanna, kjörinn fyrsti formaður Samiðnar 1993.

Kosinn forseti Alþýðusambands Íslands 1996 og gegndi því starfi til loka október sl. Stjórnarmaður NSA frá 2005 og sat sem varamaður í stjórn NSA frá 2001.



Arnar Sigurmundsson

Varaformaður stjórnar NSA.

Arnar er fæddur í Vestmannaeyjum 1943. Formaður Samtaka fiskvinnslustöðva – SF – frá 1987 og form. stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða frá 2006. Tók virkan þátt í undirbúningi að stofnun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins árið 1997 fyrir hönd sjávarútvegsins og hefur átt sæti í stjórn sjóðsins frá upphafi, þar af sem formaður frá 1997–2004. Átti sæti í bæjarstjórn Vestmannaeyja um fimmtán ára skeið og hefur frá 2006 verið formaður Framkvæmda- og hafnarráðs Vestmannaeyja-bæjar.



Ágústa Guðmundsdóttir

Ágústa er fædd í Reykjavík árið 1945. Hún lauk BS prófi í matvælafræði frá Háskóla Íslands árið 1980, framhaldsnámi í lífefnafræði frá HÍ 1983 og Ph.D. námi í örverufræði frá University of Virginia í Bandaríkjunum árið 1988. Hún varð dósent í matvælaefnafræði við Háskóla Íslands árið 1989 og prófessor 1993. Ágústa hefur setið í stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins síðastliðin 5 ár. Auk þess hefur hún setið í ýmsum stjórnnum innan HÍ og utan hans. Má þar nefna Manneldisráð Íslands, AVS rannsóknasjóðinn, úthlutunarnefnd Rannís og Matís ohf. Hún hefur ritað fjölda greina og bókarkafla í innlend og erlend vísindarit.



Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðný er fædd og uppalin í Keflavík og stúdent frá Fjölbautaskóla Suðurnesja. Lauk Cand. Oecon prófi í viðskiptafræðum af fjármálasviði frá Háskóla Íslands árið 1998. Ráðgjafi hjá Streng hf. 1998–2002. Sveitarstjóri á Raufarhöfn 2002–2006. Viðskiptastjóri hjá Maritech ehf frá árinu 2006. Stjórnarmaður í NSA, stjórnarformaður Ábyrgðasjóðs launa, situr sem varamaður í stjórn Samkeppniseftirlitsins.



Jón Steindór Valdimarsson

Stjórnarformaður NSA.

Jón er fæddur og uppalinn á Akureyri og stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1978. Lauk embættisprófi í lögum frá HÍ árið 1985. Starfaði um tíma í fjármálaráðuneytinu en síðan hjá Vinnumálasambandinu. Réðst til Félags íslenskra iðnrekenda 1988 og starfaði síðan hjá Samtökum iðnaðarins frá stofnun þeirra haustið 1993, lengst af sem aðstoðarfrankvæmdastjóri en frankvæmdastjóri frá hausti 2007. Stjórnarformaður NSA, stjórnarformaður Tækniskólans, situr í stjórn Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og átti um árabil sæti í ráðgjafanefndum EFTA og EES.

STJÓRN NSA

FULLTRÚAR NSA Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA



Árni Þór Árnason

**Stjórnarseta fyrir NSA:
Oxymap ehf (formaður).**

Árni Þór er stúdent frá Verzlunarskóla Íslands 1972, starfaði við heildverslunina Austurbakka hf sem sölustjóri, framkvæmdastjóri og síðar forstjóri. Fyrirtækið fór á hlutabréfamarkað árið 2000 og var selt árið 2005. Mikill áhugi á nýsköpun og tók þátt í stofnun Omega Farma, Pars Pro, Green Diamond og gegndi stjórnarstörfum þar. Gegnum einkahlutafélag sitt REMEDIU EHF auk þess hluthafi í Ensímtækni, Gogogic og Oxymap þar sem hann er í hlutverki starfandi stjórnarformanns.



Ásta Dís Óladóttir

**Stjórnarseta fyrir NSA:
Mentor ehf (formaður).**

Ásta Dís er forseti Viðskipta-deildar Háskólans á Bifröst. Hún er með meistaragráðu í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands og er að ljúka doktorsprófi frá Copenhagen Business School (CBS). Ásta Dís hefur undanfarin ár kennt við Háskóla Íslands, Háskólann á Bifröst og Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn (CBS) og sinnt stundakennslu við Háskólann í Reykjavík. Ásta hefur flutt fjölmarga fyrirlestra og erindi á innlendum og erlendum vettvangi og birt greinar í vísindatímaritum. Auk þess hefur Ásta Dís gegnt stöðu framkvæmdastjóra, rekstrarstjóra og verslunarstjóra á ýmsum sviðum atvinnulífsins. Hún er m.a. varaformaður stjórnar Frumtaks, fjárfestingasjóðs, og á einnig sæti í háskólaráði Háskólans á Bifröst.



Dr. Eggert Claessen

**Stjórnarseta fyrir NSA:
Gogoyoko ehf (formaður).**

Eggert er framkvæmdastjóri Frumtaks, fjárfestingasjóðs sem fjárfestir í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum sem komin eru af klakstigi og búa yfir miklum möguleikum til vaxtar. Eggert hefur áralanga reynslu af stofnun og rekstri sprota- og frumkvöðlafyrirtækja, sérstaklega á sviði upplýsingatækni. Hann hefur unnið mikið að málefnum upplýsingatækniöndunarins og gegnt fjölda trúnaðarstarfa, nú síðast sem formaður Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja. Hann hefur einnig unnið að hagnýtingu þekkingarverðmæta og tekið þátt í alþjóðlegum verkefnum á því sviði. Eggert er stundakennari við Háskólann í Reykjavík.



Elín Þórðardóttir

**Stjórnarseta fyrir NSA:
Stjórnu-Oddi hf.**

Elín hefur yfir 20 ára reynslu sem stjórnandi og er forstjóri hjá Opin Kerfi Group hf og stjórnarformaður Kerfi AB í Svíþjóð. Áður hefur Elín meðal annars starfað sem fjármálastjóri deCODE Genetics, sem breytingastjóri Eimskips og fjármálastjóri B&L. Elín situr í stjórn Frjálsa lífeyris-sjóðsins og í stjórn Nikita. Elín er með BS-gráðu í rekstrarhagfræði frá háskólanum í Álaborg í Danmörku og Msc frá sama skóla í stjórnun og stefnumótun fyrirtækja.



Erla Björg Guðrúnardóttir

**Stjórnarseta fyrir NSA:
Valka ehf (formaður).**

Erla er viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík. Árið 2002 var hún ráðin af 3P fjárhús til þess að leiða verkefni sem kanna átti grundvöll þess að setja á laggirnar heilsumiðstöð í tengslum við vottað borholuvatn í Stykkishólmi, verkefninu lauk um mitt ár 2003. Árið 2003 stofnaði Erla Björg fyrirtækið Marz Sjávarafurðir sem sérhæfir sig í sölu og markaðssetningu á sjávarafurðum. Fyrirtækið hefur vaxið og dafnað undanfarin 6 ár og er í dag með söluskrifstofur á Íslandi og í Danmörku. Markaðssvæði fyrirtækisins teygir sig frá Evrópu, til Asíu og N-Ameríku. Erla Björg hefur talsverða reynslu af setu í stjórnun íslenskra sprotafyrirtækja.



Halldór B. Lúðvígsson

**Stjórnarseta fyrir NSA:
Intelscan (formaður), Menn og mýs ehf (formaður),
Norrænar myndir ehf (formaður),
Stiki ehf (formaður).**

Halldór er rekstrarverkfræðingur frá HÍ og DTH og tölvunarfræðingur frá HÍ. Stærstan hluta af ferli sínum var hann forstjóri Maritech sem er alþjóðlegt félag sem selur hugbúnaðar- og tæknilausnir til sjávarútvegsins. Halldór var einn af stofnendum þess félags og fylgdi því í gegnum allan þróunarferilinn þangað til það var selt 2005. Á þeim tíma var félagið með um 250 starfsmenn og skrifstofur í 6 löndum. Síðan hefur Halldór starfað hjá Kaupþingi banka en í dag er hann framkvæmdastjóri yfir norrænu eignasafni bankans. Halldór hefur alla tíð tekið mikinn þátt í frumkvöðlastarfi.



Sverrir Geirdal

**Stjórnarseta fyrir NSA:
Stjórnu-Oddi hf (formaður).**

Sverrir er einn af stofnendum ráðgjafarfyrirtækisins Ráðlags og frá 2002 hefur hann verið framkvæmdastjóri þess og meðeigandi. Sverrir sinnir jöfnum höndum verkefnum á sviði stjórnunar og upplýsingatækni. Má þar nefna stjórnarþátttöku, mat á fjárfestingarkostum, stefnumótun, innleiðingum og hönnun nýrra lausna. Sverrir er menntaður kerfisfræðingur frá Danmörku ásamt því að hafa MBA-gráðu frá Viðskiptaháskóla Kaupmannahafnar (CBS). Þar að auki hefur hann lokið fjölda námskeiða á sviði áhættufjárfestinga (Venture Capital). Sverrir var starfsmaður Nýsköpunarsjóðs frá 1998 til 2001.



Vilhjálmur Þorsteinsson

**Stjórnarseta fyrir NSA:
Gogoyoko ehf.**

Vilhjálmur er stjórnarformaður CCP hf og Verne Holdings ehf. Hann situr einnig í stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf og í varastjórn Auðar Capital hf. Vilhjálmur var áður stjórnarmaður í Kögun hf og ýmsum dótturfyrirtækjum þess, og jafnframt Íslandssíma/Og fjarskiptum/Dagsbrún. Hann hefur verið starfandi við upplýsingatækni og fjarskipti í aldarfjórðung. Hann er stúdent frá eðlisfræðibraut MH.



Finnþogi Jónsson

**Stjórnarseta fyrir NSA:
Frumtak GP (formaður),
Innovit ehf.**

Finnþogi er eðlisverkfræðingur frá HÍ og LTH í Lundi og rekstrarverkfræðingur frá Háskólanum í Lundi. Starfaði í fjögur ár sem deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu og voru meginviðfangsefni orkusparnaður og orkunýting. Framkvæmdastjóri Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar 1982–86 og kom þá m.a. Sæplasti h/f á Dalvík á laggirnar. Forstjóri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað 1986–99, forstjóri Íslenskra sjávarafurða 1999–2000, starfandi stjórnarformaður Samherja 2000–2005, framkvæmdastjóri SR-mjòls 2004–2006 og framkvæmdastjóri NSA frá 2006. Hefur setið í stjórnum fjölmargra fyrirtækja og félagasamtaka.



Finnur Árnason

**Stjórnarseta fyrir NSA:
Akhelía ehf, Atall ehf, Fjölblandir ehf, Framtíðartækni ehf (formaður), Genís ehf, Hafmynd ehf, Marorka ehf, Nikita ehf, Oxymap ehf, Primex ehf (formaður), Sjávarleður hf (formaður), Loðskinn ehf (formaður), Sauðskinn ehf (formaður).**

Finnur Árnason er stúdent frá Menntaskólanum við Hamrahlið og búfræðingur frá Hvanneyri. Hann lauk B.Sc. námi í efnafræði við Háskóla Íslands og Fil. Cand. prófi í rekstrarhagfræði frá Háskólanum í Gautaborg. Finnur hefur unnið fjölbreytt störf til sjávar og sveita og komið að stjórn og rekstri fyrirtækja í sútun, harðviðarþurrkun og málningarframleiðslu. Finnur hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði á árinu 1999 og hefur setið í fjölmörgum stjórnunum fyrirtækja.



Gísli Benediktsson

**Stjórnarseta fyrir NSA:
Stiki ehf, Mentor ehf, Lífeind ehf, Íshestar ehf, Kine ehf, Valka ehf.**

Gísli hefur unnið hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins frá stofnun. Áður var hann sérfræðingur hjá Iðnlánasjóði og hafði þá m.a. umsjón með Vöruþróunar- og markaðsdeild sjóðsins. Eftir stúdentspróf frá M.R. og útskrift frá viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1971 starfaði Gísli sem skrifstofustjóri hjá Félagi íslenskra iðnrekenda í 4 ár og útibússtjóri hjá Iðnaðarbanka Íslands hf. í eitt ár.



Smári Þórarinnsson


**Stjórnarseta fyrir NSA:
Atall ehf, Fjölblandir ehf, Framtíðartækni ehf, Genís ehf, Gogo Holding slhf, Loðskinn ehf, Nikita ehf, Norrænar myndir ehf, Oxymap ehf, Sauðskinn ehf, Sjávarleður ehf og StjörnuOddi hf.**

Smári er fjármálastjóri Nýsköpunarsjóðs og hefur verið það frá stofnun hans 1998. Hann starfaði áður hjá Fiskveiðasjóði Íslands frá 1978 til 1997, fyrst sem bókari og svo deildarstjóri tölvudeildar. Síðustu 5 árin sem hann starfaði þar gegndi hann stöðu aðalbókara. Smári sat í stjórn Sambands íslenskra bankamanna um árabil, var formaður stjórnar Bankamannaskólans og gegndi ýmsum trúnaðarstörfum fyrir sambandið.

***HELSTU FJÁRFESTINGARVERKEFNI
NÝSKÖPUNARSJÓÐS ATVINNULÍFSINS***

Stjörnu-Oddi


NSA 36,6%



Stjörnu-Oddi hf var stofnað 1985 og er orðið eitt fremsta fyrirtæki í heimi á sviði rafeindamerkjia sem notuð eru til rannsókna á sjávardýrum, aðallega fiskum. Mælitækin eru smáir sírítar sem safna saman gögnum um ýmsa umhverfisþætti, s.s. dýpi, hitastig og seltu, auk þess að geta sýnt stefnu, halla, og tekið á móti staðsetningu. Gögnin er hægt að skoða í PC-tölvu í gröfum og töflum, þar sem hver mæling hefur sína dagsetningu og klukku. Rafeindamælimerkið (Data Storage Tag) kom á markað 1993 og var þróað í samvinnu við rannsóknaraðila á Íslandi. Merkin eru ýmist fest utan á fisk eða grædd í kviðarholið. Merkin skila sér svo seinna í veiðinni og við endurheimtur á merkjum fást upplýsingar um far, dreifingu og hegðun fiskisins. Markmið rannsóknaraðila með notkun fiskmerkjanna til að afla upplýsinga um hegðun fiska, er að hafa upplýsingagrunninn það góðan að hægt sé að bæta veiðiráðgjöfina, til sjálfbærrar nýtingar á fiskauðlindum.

Stjörnu-Oddi er hátæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, hönnun, framleiðsu og sölu á rafeindamælum, sem eru notaðir í margvíslegum tilgangi. Þeir henta sérstaklega vel í erfiðum aðstæðum þar sem smæð og áreiðanleiki málanna skiptir máli. Verið er að útvíkka markaðslega skírskotun félagsins með því að sækja inn á nýja markaði með tilbúnar vörur. Þetta er gert í kjölfar viðamikillar stefnumótunar. Sömuleiðis er verið að treysta innviði félagsins til að geta vaxið á næstu misserum. Starfsmenn eru nú 15.

Stjörnu-Oddi hf var stofnað árið 1985 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 1999.




Helstu hluthafar

Helstu hluthafar	%
Sigmar Guðbjörnsson	26,2
Jóhanna Ástvaldsdóttir	14,5
NSA	36,6
Aðrir	22,7
	100,0

www.star-oddi.com

MEN&MICE

NSA 18,4%




Menn og mús ehf var stofnað árið 1990. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróun og sölu hugbúnaðarlausna fyrir stjórnun á DNS (Domain Name System), DHCP (Dynamic Host Configuration Protocol) og IP-tölum (IP address) fyrir Microsoft og Unix-netumhverfi (svokallaðra IPAM-lausna). Lausn Manna og músa sem seld er undir vörumerkinu Men & Mice Suite myndar heildstæða, öflugla lausn við stjórnun og eftirlit á IP- og DNS-umhverfi stærri netkerfa. Einnig bjóða Menn og mús DNS-þjálfun og sérfræðiráðgjöf um allan heim.

Helsti markaður fyrir lausnir Manna og músa eru stærri IP-netumhverfi og því eru viðskiptavinir Manna og músa alþjóðleg stórfyrirtæki og stofnanir. Einnig eru í boði lausnir fyrir minni netkerfi sem seldar eru í gegnum vef fyrirtækisins. Í samvinnu við Rannís hafa Menn og mús þróað viðbót við Men & Mice Suite sem felur í sér stuðningi við Microsoft Sites og Subnets og Cisco beina.

IPAM-lausnir gegna lykilhlutverki í að tryggja uppítíma, öryggi og skilvirka stjórnun stórra netumhverfa. Menn og mús erum með starfsemi í Norður-Ameríku og Evrópu auk Íslands. Einnig hefur félagið byggt upp net endursöluaðila og nú bjóða um 20 aðilar vörur og þjónustu Manna og músa. Markmið Manna og músa er að verða leiðandi á sviði IPAM-lausna. Starfsmenn eru 16.


Menn og mús ehf var stofnað árið 1990 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2001.



Helstu hluthafar

Helstu hluthafar	%
Pétur Pétursson	15,9
Jón Georg Aðalsteinnsson	15,9
BRÚ VC	22,7
NSA	18,4
Magnolia Ventures Oy	13,1
Hiidenkivi Investment Oy	13,1
Aðrir	0,9
	100,0

www.menandmice.com






Íshestar ehf, stofnaðir 1992 á bænum Miðdal í Laugardal, hafa í 27 ár verið leiðandi fyrirtæki í hestatengdri ferðapjónustu hér á landi og hafa á þessum tíma flutt yfir 21.000 gesti til landsins sem farið hafa í vikuferðir (eða lengri) á hestum um landið. Árlega fara yfir 20.000 manns í dagsferðir frá hinni glæsilegu Hestamiðstöð félagsins í Hafnarfirði. Auk hinna hefðbundnu hestaferða hafa Íshestar aukið mjög umsvif sín á hinum almenna ferðaskrifstofumarkaði og þá sérstaklega í svonefndum hvataferðum þar sem sjónum er aðallega beint til A-Evrópu og þá einkum til Rússlands. Stórt skref var stigið fyrir tveimur árum þegar opnuð var sérstök vefsíða og nýtt nafn kynnt til sögunnar fyrir þennan markað: Íshestar Travel.

Fjölgunin var hæg fyrstu árin en síðastliðin ár hefur orðið mikil aukning samfara markvissu markaðsstarfi og er stefnan sett á að 3.000 manns fari á þessu ári í lengri ferðir og yfir 23.000 í þær styttri. Með fjölgun samstarfsaðila og áframhaldandi góðu markaðsstarfi er enn fremur stefnt að tvöföldun farþega á næstu 4 árum. Íshestar reka ábyrga umhverfisstefnu og var eitt af fyrstu fyrirtækjunum á landinu til að hljóta fullnaðarvottun „Green Globe“-umhverfissamtakanna. Þá hlutu Íshestar Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs Íslands árið 2001.

Heildarstarfsmannafjöldi Íshesta ehf og Hestamiðstöðvar Íshesta var 12 manns um síðustu áramót og á sumrin bætast u.þ.b. 40 starfsmenn við. Einnig er rétt að geta þess að á vegum Íshesta starfa 10 verktakar vítt og breitt um landið og á vegum þeirra milli 70 og 80 manns.


Íshestar ehf var stofnað árið 1992 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 1999.





Stiki ehf var stofnað í mars 1992. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróun hugbúnaðarlausna fyrir heilbrigðisþjónustu og fjármálagæirann. Stiki veitir einnig ráðgjöf í gæðastjórnkerfum og upplýsingaöryggi, auk þess að veita sértæka ráðgjöf í upplýsingatækni fyrir fyrirtæki og stofnanir. Stiki hefur þróað lausnir fyrir heilbrigðisráðuneytið, svokölluð RAI-kerfi sem eru matskerfi í heilbrigðisþjónustu og beitt til að hámarka gæði og árangur í þjónustu sem veitt er. Bundið er í reglugerð að nota þessi kerfi hjá íslenskum heilbrigðisstofnunum. Stiki hysir gögn úr RAI-kerfunum á sínum miðlurum.

Stiki hefur jafnframt þróað hugbúnaðarlausnina RM Studio sem er hugbúnaður til áhættumats í vinnslu upplýsinga. Starfsemi Stika er bæði öryggis- og gæðavottuð samkvæmt öryggisstaðlinum ISO/IEC 27001 og gæðastaðlinum ISO 9001. Fyrirtækið er einnig gullvottaður Microsoft-samstarfsaðili. Stiki er með samstarfsaðila í Bretlandi og Þýskalandi, en áhersla er á þessa markaði í útflutningi á hugbúnaðarlausnum Stika. Hjá fyrirtækinu starfa nú 22 sérfræðingar.

Stiki ehf var stofnað árið 1992 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2007.






Sjávarleður hf hóf starfsemi árið 1995 við þróun og sölu á leðri unnu úr steinbits- og laxaröði. Seinna var steinbit skipt út fyrir hlýra og þá var leðri af Nilarkarfa bætt við. Nýlega bættist þorskleður við vörlínu félagsins. Eftir um 10 ára vöruþróun og markaðssetningu fór erfiðni að skila sér í aukinni sölu og hagnaði af rekstri. Fiskleður hefur mikla sérstöðu á markaði vegna áferðar og lögunar. Leðrið, sem er sterkara en annað jafnþykkt leður, er notað eins og annað leður, t.d. í hönnun og handverk og mikið í skó, belti, töskur, o.fl. Einnig með öðru leðri t.d. í leðurfatnaði og húsgögnum.

Sjávarleður hf er leiðandi í þróun og sölu þessa leðurs og býður leðrið í fjölda lita og litasamsetninga og áferð er margvísleg; slétt eða gróf, mjúk eða hörð, glansandi eða mött. Árlega kynnis félagið afurðir sínar og nýjungar á fjölda leðursýninga í Evrópu og Asíu, með auglýsingum í fagtímaritum og með heimsóknum til viðskiptavina.

Viðskiptavinir félagsins eru bæði stórir og smáir og flestir starfa á alþjóðlegum vettvangi. Sjávarleður á tvö dótturfélög, Sauðskinn og Loðskinn, og eru þau í 100% eigu fyrirtækisins.

Sjávarleður hf var stofnað árið 1995 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 1999.




www.atlanticleather.is

Fjölblendir ehf var stofnað um þróun á eldsneytiskerfum byggðum á TCT tækninni; „Total Combustion Technology“ eða svokallaðri albrunataekni. TCT-kerfið er uppfinning Kristjáns B. Ómarssonar sem er aðalhönnuður fyrirtækisins. Markmið fyrirtækisins er að hanna og selja kerfi sem eru ódýr í framleiðslu, nýta eldsneyti betur og leiða til minni útblástursmengunar en þekkist með núverandi kerfum. Fyrirtækið einbeitt sér að þróun TCT-eldsneytiskerfa fyrir smávælar og hefur þegar yfir að ráða tveimur alheimseinkaleyfum.

TCT er nýstárlegt eldsneytiskerfi sem byggir á einföldum eðlisfræðilögmálum til að blanda saman lofti og eldsneyti. Þetta leiðir til betri bruna, betri eldsneytisnýtingar, meira afls vélar og minni útblásturs CO og HC sem teljast skaðlegustu efnin í útblæstri brunavéla. TCT notar lofthjárás til að sundra eldsneyti á sem bestan máta og MLC-tækni (Mechanical Lambda Control) til að stjórna hlutfalli lofts og eldsneytis.


Fjölblendir ehf var stofnað árið 1996 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2001.




www.fjolblendi.is



NSA 36,5%




NSA 1,9%



Kine ehf starfar á sviði lífafræði með áherslu á mælingar á mannlíkamanum við endurhæfingu, íþróttir og vinnuvistfræði. Vörurnar byggja á hugbúnaði og rafeindatækni. Kine ehf hefur starfað í 10 ár. Þessi tími hefur að mestu farið í þróun á hreyfigreini sem m.a. byggir á algerlega þráðlausum vöðvarita, tækni sem Kine ehf setti á markað fyrst allra fyrirtækja í heiminum. Sótt hefur verið um einkaleyfi á þessari tækni og er Kine með MDD/CE-vottun á framleiðslunni, sem er grunnur að komandi vörum fyrirtækisins. Kine er með 4 vörur: Kine-Gait, KineView, KineLive og KinePro.

Nýlega var áherslum í markaðssetningu breytt, þ.e. lögð áhersla á að nýta þekkingu fyrirtækisins í vöruþróun á sviði rannsókna og færa þá þekkingu yfir í klíniska markaðinn, sjúkraþjálfara, iðjuþjálfara, lækna og þjálfara innan íþróttanna o.fl., en sá markaður er talinn vera 50 sinnum stærri en rannsóknamarkaðurinn. Með innkomu Kine á þennan markað skapast þar af leiðandi aukin tækifæri. Vörur Kine eru fyrst og fremst hugsaðar til að mæta þörfum þessa markaðar. En eins og oft gengur markaðssetningin hægt. Starfsmannafjöldi Kine ehf var 6 manns um síðustu áramót.


Kine ehf var stofnað árið 1996 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2000.






www.kine.is

Fyrirtækið Latibær var stofnað árið 1995 af Magnúsi Scheving og Ragnheiði Pétursdóttur Melsted en markmið fyrirtækisins er að stuðla með ymsum hætti að heilbrigðari lífsstíl barna og ungmenna. Boðskapur Latabæjar hvetur til jákvæðrar hugsunar, hollustu í mataræði, hreyfingar og uppbyggilegra samskipta barna og fullorðinna. Meginstarfsemi fyrirtækisins felst nú í sólu á afnotarétti af vörumerkinu LazyTown. Félagið hefur verið að færast úr framleiðslufyrirtæki á þáttum yfir í söluvyrktæki á afnotarétti. Mikil tækifæri framundan. Hjá fyrirtækinu vinna í dag 45 manns.

Latibær ehf var stofnað árið 1996 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2001.



www.lazytown.com



Primex ehf er fyrirtæki í sjávarlíftækni sem hefur sérhæft sig í framleiðslu á einstaklega tæru kítni og kíttósani. Markmið fyrirtækisins er að kynna og markaðssetja vísindalega áreiðanlegt og nýstárlegt efni til nota í fæðubótarefni, snyrtivörur, matvæli og sem hjálparefni í lyfja- og lækningavörur. Hráefnið er eingöngu skel af ferskri kaldsjávarrækju (*Pandalus borealis*) sem unnin er á Norðurlandi. Verksmiðja og skrifstofur fyrirtækisins eru á Siglufirði, þar sem starfa um 15 manns. Stærstu markaðir eru í Evrópu og Bandaríkjunum.

Afurðir Primex ehf eru m.a. markaðssettar undir vörumerkjunum:

LipoSan Ultra® sem fitubindi- og kólesteróllækkandi efni. Kíttósan eru náttúrulegar trefjar sem hafa þann einstaka eiginleika að draga til sín fitu. Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á getu efnisins til að lækka slæmt (LDL) kólesteról á meðan gott (HDL) kólesteról í blóðinu hækkar. LipoSan Ultra verður nú fáanlegt á Íslandi innan skamms.


ChitoClear® vörulínan er m.a. notuð sem hráefni í matvæli, snyrtivörur og sem aðalefni í plástra og sárabindi. Síðastliðin ár hefur Primex verið að þróa sárageg og sprengi fyrir dýr. Unnið hefur verið með dýralæknum hér heima og einnig stendur yfir rannsókn á þýskum dýraspítala. Varan mun verða tilbúin fyrir markaðssetningu á næstu vikum. Þetta náttúrulega, íslenska efni er sérstaklega græðandi á öll sár, þar með talin brunasár, bráða- og krónísk sár. Einnig hefur efnið reynst mjög vel við hnjúskum á hrossum.

Til að tryggja öryggi framleiðslunnar hefur Primex innleitt gæðakerfi sem

byggir á áhættugreiningu og mikilvægum eftirlitsþáttum (HACCP), rannsóknum

á hverri framleiðslulotu og fullum rekjanleika. Auk þess stendur nú yfir innleiðing á ISO 22000 sem tryggir enn betri gæði vörunnar.

Primex ehf var stofnað árið 1997 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 1998.




www.primex.is




Hafmynd ehf þróar, framleiðir og selur sjálfstýrð ómönnuð djúpför sem notuð eru til ýmissa verkefna neðan-sjávar á allt að 1.000 m dýpi. Djúpför Hafmyndar eru sérstök að því leyti að þau eru samsett úr einingum sem hýsa nema, stýrikerfið, staðfestingarbúnað og rafhlöður og því er um mjög hreyfanlegan búnað að ræða. Helstu notkunarsvið djúpfarsins eru gagnaöflun, eftirlit og rannsóknir. Djúpfarið er selt á þrjú markaði. Stærsti markaðurinn er herir en herir nota tækið til sprengjuleitar í sjó, til kortagerðar og til þjálfunar. Annar markaðurinn er olíuvinnslufyrirtæki en þar er tækið nýtt til eftirlits með olíuvinnslumannvirkjum. Þriðji markaðurinn er háskólar og rannsóknarstofnanir þar sem tækið er nýtt til margs konar umhverfisrannsókna. Markaðir fyrir djúpfar Hafmyndar fara ört vaxandi.

Hafmynd ehf var stofnað árið 1999 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2000.




www.gavia.is

NORDICPHOTOS ▷ NORR




NordicPhotos ehf sérhæfir sig í sölu ljósmynda í gegnum Internetið um allan heim eftir ljósmyndara á Norðurlöndunum ásamt því að selja ljósmyndir úr þekktum erlendum myndaböndum á Norðurlöndum. NordicPhotos er með samninga við yfir 500 ljósmyndara frá öllum Norðurlöndunum ásamt umboðum fyrir meira en 30 erlendu myndasöfn og hefur skapað sér sess sem eitt stærsta myndasafn á Norðurlöndunum. Á árunum 2003–2006 keypti NordicPhotos fjóra sænska ljósmyndabanka, IMS Bildbyrå, Mira Bildarkiv, Tiofoto og Greatshots. Árið 2007 keypti félagið norska fyrirtækið GV-press. Starfsemi fyrirtækjanna hefur verið sameinuð rekstri NordicPhotos og er nú unnið að því að setja myndasöfn fyrirtækjanna á stafrænt form og auka alþjóðlega dreifingu þeirra. 130.000 þúsund ljósmyndir frá ljósmyndurum NordicPhotos hafa verið settar á stafrænt form og er þeim nú dreift í gegnum alþjóðlegt sölunet sem í eru 70 erlendu umboðsfyrirtæki og nær til 85 landa. Síðan fyrirtækið var stofnað í lok árs 2000 hefur veltan aukist jafnt og þétt. Veltan árið 2001 var 5 milljónir ISK en áætluð velta fyrir árið 2009 er yfir 200 milljónir ISK. Hjá NordicPhotos starfa nú 18 starfsmenn á skrifstofum þess í Stokkhólmi, Ósló og Reykjavík.

NordicPhotos ehf var stofnað árið 2000 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2002.




www.nordicphotos.com



Mentor ehf er þekkingarfyrirtæki sem hefur það hlutverk að leggja skólasamfélaginu til lausnir, þekkingu og þjónustu til aukins árangurs. Helstu lausnir fyrirtækisins er upplýsingakerfið Mentor.is sem gerir samskipti innan skóla skilvirkari og upplýsingagjöf til foreldra og sveitarfélaga öflugri. Mentor býður einnig upp á ráðgjöf og fræðslu til eflingar innra starfs skóla. Mentor var stofnað árið 1990. Sumarið 2007 yfirtók Mentor með þátttöku Nýsköpunarsjóðs sænska fyrirtækið P.O.D.B. Í Svíþjóð starfar fyrirtækið nú undir nafninu InfoMentor P.O.D.B. Fyrirtækið er þekkt fyrir ráðgjöf og námskeið í gæðastjórnun og hugbúnað sem heldur utan um árangur nemenda og einstaklingsáætlanir. Áætluð velta sameinaðs fyrirtækis árið 2008 er 280 mMkr. Mentor þjónustar í dag 580 leik- og grunnskóla á Íslandi, yfir 400 grunnskóla í Svíþjóð og þróunarskóla á Englandi. Tækifæri Mentors á erlendum markaði byggir að miklum hluta á sterkri stöðu íslenska skólakerfisins. Íslenskir skólar eru mjög framarlega í tölvunotkun auk þess sem netnotkun foreldra er með því mesta sem þekktist í heiminum. Afrakstur þróunar fyrir íslenska skóla auk þekkingar sem kemur með erlendu samstarfi skilar Mentor.is meðal fremstu lausna í Evrópu er kemur að upplýsingakerfum fyrir skóla. Framtíðarsýn Mentors er að vera eitt virtasta fyrirtæki í Evrópu á sviði upplýsingakerfa fyrir skóla með áherslu á einstaklingsmiðað nám, gæðastjórnun og skólaþróun. Heildarstarfsmannafjöldi félagsins um síðustu áramót var 27.


Mentor ehf var stofnað árið 2000 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2007.




www.mentor.is



NSA 5,4%



NSA 5,6%




AGR ehf. sérhæfir sig í lausnum til hagræðingar í rekstri aðfangakeðjunnar. Aðallausn fyrirtækisins, AGR Innkaup, er innkaupa- og birgðastýringarkerfi sem stuðlar að: lægri birgðum, nákvæmari söluspám, færri vöntunum og umtalsverðum vinnusparnaði. AGR Innkaup hentar öllum fyrirtækjum með birgðahald. Kerfið notar þekktar aðferðir birgðastjórnunar auk öflugra spáaðferða til að reikna innkaupatilleggur sem lágmarka birgða- og flutningskostnað.

Megin áhersla á sölustarfssemi í Bretlandi, Danmörku og Hollandi á AGR Innkaup. Þróun er hafin á nýrri lausn, AGR Söluáætlun sem verður bæði viðbót við núverandi kerfi sem og kerfi sem selja má eitt og sér.

Miklar væntingar eru um útrás félagsins en 9 sögur náðust árið 2008 í 6 löndum. Frumtak hefur nýlega ákveðið að koma að félaginu með 100 milljón króna hlutafjárkaupum til að styrkja markaðsstarf erlendis. Starfsmenn félagsins eru núna 12. Myndin hér að ofan er tekin við undirritun hluthafasamkomulags í tengslum við aðkomu Frumtaks að félaginu.

AGR ehf var stofnað árið 2000 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu sama ár.



Helstu hluthafar	%
Nýherji hf	33,2
Hálfdán Gunnarsson	22,2
Haukur Hannesson	15,8
NSA	5,4
Aðrir	23,4
	100,0


www.agr.is



Auris ehf hefur unnið síðan 2000 að þróun á nýju lyfi til útvortis notkunar á bráðri miðeyrnabólgu. Viðskipta-hugmyndin felur í sér notkun velþekkt bakkeriudrepandi efnis sem komið er fyrir í sérhönnuðum eyrnatöppum, sem komið er fyrir í ytra eyra. Meðferðinni er ætlað að koma í stað hefðbundinnar sýklalyfjameðferðar. Þekkt er að sýklalyfjameðferðin getur haft aukaverkanir og einnig stuðlað að sýklalyfjaofnæmi við endurtekna notkun þeirra. Því er mikil þörf innan heilbrigðiskerfisins á öðru meðferðarúrræði. Á sl. ári lauk félagið við fasa I rannsókn á heilbrigðum einstaklingum sem leiddi í ljós að lyfið er öruggt og þolist vel. Um þessar mundir er að hefjast hjá félaginu klínískar rannsóknir í fasa II þar sem lyfið verður prófað í börnum með bráða miðeyrnabólgu. Vonir standa til að þeim ljúki á árinu.

Markmið Auris ehf er að sýna fram á virkni lyfsins og tryggja síðan örugga og árangursríka markaðssetningu lyfsins í samstarfi við alþjóðleg lyfjafyrirtæki. Ákveðið hefur verið að auka hlutafé félagsins í þessu skyni og mun hlutafé NSA þá hækka í tæp 20%.


Auris ehf var stofnað árið 2000 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2002.



Helstu hluthafar	%
Guðrún Sæmundsdóttir	40,7
Karl G. Kristinsson	19,6
NSA	5,6
Actavis hf	7,3
Aðrir	26,8
	100,0




NSA 6,5%



Oxymap

NSA 16,0%




Þróun verk- og gæðaferla í fasteignastjórnun (e. Facilities Management), þróun og sala/hýsing og leiga á sérhæfðum hugbúnaði sem stýður og virkjar verk- og gæðaferli í fasteignastjórnun auk ráðgjafar á sviði fasteignastjórnunar.

Þróun hefur verið umfangsmikil, einkum þar sem unnið er að því að yfirfæra hugbúnað félagsins yfir í nýtt forritunarumhverfi um leið og notendaviðmót er endurskilgreint. Við höfum fundið fyrir kreppunni í kjölfar bankahruns, þar sem nokkrir viðskiptavinir hafa viljað minnka umfang samninga auk þess sem þróunarsamstarf hefur minnkað sökum lausafjárskorts viðskiptavina. Þrátt fyrir erfitt ytra umhverfi hefur félagið fengið nýja viðskiptavini og stefnir í að svo verði áfram. Einnig hefur mikil vinna verið lögð í markaðssetningu á Englandi þar sem við erum að vinna tilraunaverkefni fyrir stórt fyrirtæki. Samhliða því er unnið að eflingu á innra starfi. Þá stóð rekstur ICEconsult DK, dótturfyrirtækis ICEconsult í Danmörku undir sér á síðasta ári. Engum starfsmanni hefur verið sagt upp störfum, erum reyndar nýbúin að ráða einn nýjan.

Helstu væntingar um framtíðina eru eftirfarandi: Nýtt forritunarumhverfi og nýtt viðmót auk eflingar á innra starfi félagsins og markaðsstarfi munu skila nýjum viðskiptavinum í hús auk þess sem samstarf við marga núverandi viðskiptavini eykst. ICEconsult DK skilar hagnaði. Markaðssetning í Bretlandi skilar tekjum til félagsins. Væntingar stjórnenda félagsins eru að arðsemi félagsins aukist verulega á næstu árum. Hjá félaginu starfa nú 19 menn.


Oxymap framleiðir súrefnismæli til rannsókna í augnbotnum. Hann er sem stendur ætlaður til að rannsaka eðli algengra augnsjúkdóma eins og t.d. sykursýki, hrörnunar og gláku. Vísbendingar eru um að súrefnismettun geti aðstoðað við greiningu og meðferð slíkra sjúkdóma í framtíðinni. Hugbúnaður Oxymap reiknar út súrefnisinnihaldið út frá lit æðanna á mynd sem tekin er með hefðbundinni augnbotnamyndavél. Sala á tækjabúnaði hófst árið 2008 og ný kynslóð kemur fram seinna á þessu ári. Alls eru 5,5 stöðugildi hjá fyrirtækinu eða 5 verkfræðingar og tölvunarfræðingur, auk þess er stjórnunarstaða 1 stöðugildi. Umhverfið er alþjóðlegt með Íslendinga, Bandaríkjamenn og Frakka. Þá eru 2 rannsóknarstöður tengdar sykursýki- og glákurannsóknum. NSA hefur fjárfest í Oxymap í gegnum samstarfsfyrirtækið Framtíðartækni sem á 20% í Oxymap. En NSA á á 80% í Framtíðartækni.

LH-Tækni ehf var stofnað árið 1990 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 1999.



www.iceconsult.is


Oxymap ehf var stofnað árið 2002 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2008.



www.oxymap.com





NSA 50,2%




NIKITA

NSA 42,5%



Hátæknifyrirtækið Intelscan örbylgjutækni ehf var stofnað árið 2000 með þátttöku Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Meginstarfsemin er þróun á lausnum til að mæla vatnsinnihald efna á örskotsstundu. Slíkar rauntímaupplýsingar tryggja að framleiðslunni er betur stýrt og nýting á hráefni er hámerkðuð. Auk þróunar fer markaðssetning og sala fram innan félagsins. Helstu markaðir sem félagið hefur sett stefnuna á eru fódur- og kornframleiðsla. Seld hafa verið 39 tæki til 8 landa í Evrópu auk Kanada, Bandaríkjanna og S-Afríku. Verið er að þróa endurbætur á núverandi mælitæki þannig að framlegð af hverri sölu aukist til muna. Einnig er verið að auka sölustarfið með nýju sölufólki. Framtíðaráætlanir gera ráð fyrir nánara samstarfi við vélaframleiðendur og aðila með dreifikerfi um allan heim. Markmiðið er að gera fyrirtækið aðlaðandi fjárfestingarkost fyrir stórt fyrirtæki sem býður lausnir fyrir framleiðsluina. Starfsmenn eru nú 5.

Intelscan örbylgjutækni ehf var stofnað árið 2000 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu sama ár.




www.intelscan.is




Nikita ehf á rætur að rekja til brettaverslunarinnar Týnda hlekkisins, sem starfrækt var í Reykjavík á árunum 1994 til 1999. Heiða, Aðalheiður Birgisdóttir, hóf þar að selja eigin hönnun, götutískufatnað sem innblásinn var af brettalífstílnum. Í fyrstu saumaði Heiða í stykkjatali fyrir sig og nokkra vini en árið 1997 var hafin framleiðsla á lítilli saumastofu á Húsvík. Viðtökur voru mjög góðar og árið 1999 seldust um eitt þúsund flikur í lítilli vörulínu Nikita í Reykjavík. Árið 2000 stofnuðu eigendur Týnda hlekkisins sérstakt fyrirtæki í kringum vörumerkið Nikita. Markmiðið var að færa sig frá því að flytja inn mörg vörumerki til Íslands og selja í einni verslun yfir í að markaðssetja hönnun Heiðu alþjóðlega og selja í mörgum verslunum. Sett var saman viðskiptaáætlun sem staðist hefur í öllum meginatriðum frá upphafi til dagsins í dag. Félagið hefur náð frábærum árangri og árlegar tekjur eru komnar vel á annan milljarð króna. Vörur félagsins, vörumerkið NIKITA og slagorðið „For girls who ride“ eru vel þekkt alþjóðlega meðal markhóps félagsins. Nikita hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir vel heppnaða hönnun og markaðssetningu.


Nikita ehf var stofnað árið 2000 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu sama ár.



www.nikitaclimbing.com




NSA 43,7%



MARORKA

NSA 18,5%




Lífeind ehf er rannsóknar- og þróunaryrirtæki í líf- og erfðatækni. Það hefur skapað sér sérstöðu innan líftæknigeirans með nýrri tegund tvívíðs rafráttar til greiningar á flóknum kjarnsýrusýnum. Markmið fyrirtækisins er að þróa og markaðssetja þessar einkaleyfavörðu aðferðir, samhliða tækjabúnaði til slíkra greininga. Með öflugu rannsóknar- og þróunarstarfi hefur Lífeind nú yfir að ráða rannsóknaraðferðum sem allar beinast að því að einfalda vinnu með flókin kjarnsýrusýni og/eða meta gæði þeirra.

Lífeind ehf hóf rekstur sinn 2001 og hefur fyrirtækið afnot af aðstöðu og tækjum innan Lífefna- og sameindalíf-fræðistofu læknadeildar Háskóla Íslands. Þetta skapar fyrirtækinu kjörskilyrði til þekkingarsköpunar og frekari þróunar afurða. Síðastliðið ár hafa starfsmenn Lífeindar þróað frumgerð örgelarafráttarþúnaðar til að bjóða væntanlegum viðskiptavinum upp á einfalda og fljótvirka leið til að framkvæma tvívíðar rafráttargreiningar á kjarnsýrum.

Árið 2008 var stofnað systurfyrirtæki Lífeindar í Skotlandi, BioCule (Scotland) Limited. Það hlaut styrk frá skoskum styrkjayfirvöldum (SMART) til að undirbúa fjöldaframleiðslu á tækjabúnaði, til öflunar viðskiptasambanda og undirbúnings fyrir markaðssetningu. Grunnþrófanir á tækjabúnaði og frekari þróun greiningaraðferða eru framkvæmdar af Lífeind á Íslandi. Stefnt er að markaðssetningu tækjabúnaðar og rekstrarvara á næsta ári.

Hjá félaginu voru 3 starfsmenn um síðustu áramót.

Lífeind ehf var stofnað árið 2001 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu sama ár.



Helstu hluthafar


Helstu hluthafar	%
Jón Jóhannes Jónsson	31,5
NSA	43,7
Tækniþróun hf	6,3
Háskóli Íslands	5,0
Landsspítali Háskólasjúkrahús	2,5
Aðrir	11,0
Samtals	100,0

www.biocule.com

Marorka ehf er hátæknifyrirtæki sem framleiðir og selur orkusjórnunarkerfi fyrir skip. Fyrirtækið er sprottið úr háskólaumhverfi og var stofnað árið 2002 með þremur starfsmönnum. Það hefur síðan vaxið og dafnað og hjá félaginu starfa nú um 20 manns. Fyrirtækið framleiðir hugbúnað sem hefur það markmið að hámarka olíunýtingu þeirra kerfa sem starfrækt eru um borð í skipum. Þetta er gert með því að bera í sífellu saman mælt raunástand samantekinnar orkukerfa (framdriftskerfi, raforkukerfi, frystikerfi o.fl.) við „besta ástand“ sem fundið er með stærðfræðilíkönun. Kerfið veitir skipstjórnendum ráðgjöf um hvað gera eigi til að auka nýtingu kerfanna. Verulegur orkusparnaður getur náðst með nýtingu kerfisins og hefur félagið náð miklum árangri á undanförunum misserum í sölu og markaðssetningu. Helstu markaðir Marorku eru skipaútgerðir á Norður-löndum, í Norður-Evrópu og Suðaustur-Asíu auk helstu skipasmíðastöðva í Evrópu.

Félagið hefur hlotið fjölda verðlauna og á árinu 2009 féllu Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs í hlut Marorku.



Marorka ehf var stofnað árið 2002 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2006.



Helstu hluthafar

Helstu hluthafar	%
Jón Ágúst Þorsteinsson	31,6
Þórður Magnússon	18,8
NSA	18,6
VSÓ Ráðgjöf	12,1
Aðrir	18,9
Samtals	100,0

www.marorka.is




Alur, álvinnsla er hlutafélag sem rekur endurvinnsluverksmiðju fyrir álgjall í Helguvík á Reykjanesi. Álgjallið verður til við álframleiðslu Norðuráls á Grundartanga og Rio Tinto Alcan í Straumsvík og endurunnið ál er sent til baka í álverin.

Alur stýðst við ALUREC®-tækni sem er þróuð af Linde, Hertwich Engineering og álfframleiðandanum Corus. Mat á umhverfisáhrifum vinnslunnar var samþykkt af Skipulagsstofnun árið 2002 og starfsleyfi var gefið út haustið 2003. Uppsetning búnaðar hófst í Helguvík ágúst 2003, fyrsta framleiðsla var 24. október 2003 en vinnslan tók formlega til starfa 3. desember 2003.

Verksmiðja Als, álvinnslu er staðsett í húsnæði Sildarvinnslunnar hf í Helguvík. Álvinnslan er algerlega aðskilin frá annarri starfsemi sem þar fer fram, en með þessu móti næst fram hagstæð samnýting á innviðum, húsakosti og mannafla. Að vinnslunni koma alls 7 starfsmenn.

Alur álvinnsla ehf var stofnað árið 2003 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu sama ár.




www.alur.is




Betware er íslenskt hugbúnaðar fyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun og þróun leikjavefja á Netinu. Vöruþróun hefur frá stofnun Betware árið 1998 skipað stóran sess í starfsemi fyrirtækisins og þess má geta að á árinu hafa verið ráðnir 15 starfsmenn til starfa, aðallega í vöruþróunarvinnu. Störfin sem Betware hefur verið að ráða í eru forritunarstöður, sérfræðistöður í gæðaeftirliti, verkefnastjórástöður auk bókara. Má þá líka nefna að Betware sækist eftir vottun skv. ISO 27001 og mun sú vinna klárast á árinu 2009. Helstu viðskiptavinir fyrirtækisins eru Danske Spil (danska ríkislottóið), Sistemas Tecnicos de Loterias del Estado (spænska ríkislottóið), British Columbia Lottery Corporation, Íslenskar getraunir og Íslensk getspá. Starfsmannafjöldi er nú 91 og hefur fjölgað um 17 frá síðustu áramótum.

Betware ehf var stofnað árið 1998 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu 2001.





www.betware.com

gogoyo
yoko



dohop.com
FLIGHT PLANNER



Gogoyoko er tónlistar- og samfélagsvefur þar sem tónlistarfólk og unndur tónlistar stunda milliliðalaus viðskipti og samskipti. Vettvangur sem veitir tónlistarfólki aðgang að alheimsmarkaði milliliðalaust.

Viðskiptahugmyndin byggist upp á því að samtvinna það besta úr samfélagssíðum (MySpace, Facebook o.s.frv.) og tónlistarsölu síðum (t.a.m. iTunes) auk viðbóta sem samkeppnisaðilar hafa ekki.

Það sem gerir Gogoyoko einstakt er nálgun þess inn á þennan stóra markað. Gogoyoko býður tónlistarfólki hvar sem það er státt í heiminum að setja tónlist sína inn í tónlistarbúð gogoyoko, selja tónlist á einstökum kjörum og búa sér til sitt svæði sér til kynningar og samskipta við sína aðdáendur. Tónlistaráhugafólk getur keypt og hlustað á tónlist, lagt sitt af mörkum til svæðisins (skrif, plötudómar o.s.frv.) og átt samskipti við listamenn og annað áhugafólk um tónlist.

Gogoyoko mun einbeita sér að því að þjónusta tónlistarmenn og tónlistaráhugafólk. Byggja upp sterkan, aðlaðandi auglýsingavettvang og markaðstorg fyrir sölu á tónlist og öðrum varningi sem tónlistarmenn, tónlistaráhugafólk og aðilar innan þess geira geta nýtt sér. Hér er m.a. verið að ræða um sölu á hljóðfærum, varningi tengdum listamönnum og miðasölu á tónleika og tónlistarhátíðir. Eignarhald Nýsköpunarsjóðs er í gegnum samlagshlutafélagið Gogo Holding slhf. sem NSA á 90% í. Starfsmenn eru 22 í lok maí 2009.


Dohop.com er vefur sem býður ferðalöngum upp á flugleit sem nær yfir 600 flugfélög um allan heim. Auk þess að vera mjög ítarleg og hraðvirk hefur leitarnél Dohop þá sérstöðu að finna ódýra tengimöguleika með lág-gjaldaflugfélögum.

Flugleit Dohop hefur mikilvægu hlutverki að gegna fyrir ferðalangar og flugfélög. Með Dohop finna ferðalangar á augabráði hvaða flugfélög bjóða hentug flug, sjá verð og hvar unnt er að bóka viðkomandi flug. Flugfélög nota Dohop til að koma upplýsingum á framfæri beint til þeirra sem eru að leita að flugi og laða þá til að bóka beint á vefsíðu flugfélagsins.

Nýlega var bætt við vefinn öflugu hótélbókunarkerfi.


Starfsmannafjöldi Dohop ehf um síðustu áramót var 12 manns.

Gogoyoko ehf var stofnað árið 2007 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu 2008.





www.gogoyoko.com

Dohop.com var stofnað árið 2004 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu 2008.



www.dohop.com




Atall ehf var stofnað á árinu 2004 um uppfinningar Guðmundar Ö. Jensonnar á nýrri gerð hakkara eða tætera og þróun á honum. Búnaðinum er ætlað að auðvelda matvælavinnslum að vinna úr frosnu hráefni og sláturhúsum og fiskvinnslum að endurvinna eða farga lífrænum úrgangi. Fyrstu tætararnir hafa verið afhentir kaupendum og ýmsir kostir þeirra umfram aðrar lausnir á markaði hafa sannast:

- Tætarinn tekur minna pláss en búnaður sem hefur svipaða eða minni afkastagetu. Hann notar hlutfallslega mun minni orku en aðrir tætarar en er bæði kraftmikill og afkastamikill.
- Hann hentar fyrir frystar blokkir í matvælaframleiðslu og einnig fyrir flestar gerðir af lífrænum úrgangi.
- Hávaðamengun er mun minni en frá öðrum kvörnum/tæturum sem skiptir miklu máli, t.d. í vinnslusólum og skipum.
- Allt viðhald á tætera Atals er mun minna og þægilegra en á öðrum búnaði til sömu starfsemi.

Sótt hefur verið um einkaleyfi á nýjum tæknilausnum í tætaranum.

Sjóðurinn gerðist hluthafi í félaginu á árinu 2007 og hefur staðið að framhaldsfjármögnun á félaginu enda árangur góður og áhugi á mörkuðum.


Atall ehf var stofnað árið 2004 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2007.





www.atall.is

Genís er sprötafyrirtæki sem einbeitt sér að þróun nýrra aðferða til að meðhöndla bólgusjúkdóma og aðra hrönnunarsjúkdóma í stoðkerfi mannsins. Starfsemi fyrirtækisins byggir á þróun sértækra aminósýkra sem framleiddar eru úr skel krabbadyra, svo sem rækju og felur í sér bestun samsetninga með tilliti til virkni. Efnafraeðilegir eiginleikar og líffraeðileg virkni sykranna hafa verið kortlögð í rannsóknum þar sem stuðst var við bestu fánlegu tækni og unnar voru í samstarfi við háskóla og fyrirtæki í Þýskalandi, Ísrael, Bandaríkjunum og Danmörku. Í heild sinni benda niðurstöður til þess að hér séu á ferðinni byltingarkennd tækifæri til að meðhöndla sjúkdóma í stoðkerfi mannsins, sem stafa af bólgu eða vefjahrönnun. Sykrurnar virðast örva nýmyndun brjós- og beinvefs með því að virkja sömu ferla og sjá um nýmyndun vefja á fósturstigi og hindra um leið örvefsmýndun. Fyrirtækið hefur byggt upp samstarf við innlenda vísindamenn við læknaeild HÍ og hjá Blóðbankanum, sem miðar að því að rannsaka sameindafræðilega og líffraeðilega ferla sem liggja að baki virkninni og að þróa nýjar vörur, sem byggja á notkun þessara sértæku aminósýkra, m.a. í nýjum ígræðsluefnum til notkunar við skurð- og tannlækningar. Á árinu 2008 voru settar upp tilraunir í kindum, í samstarfi við Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum og í samstarfi við vísindamenn HÍ á sviði bæklunar-, æða- og svæfingalækninga auk vísindamanna hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Markmiðið er að halda þessum verkefnum áfram á árinu 2009, m.a. með það fyrir augum að styrkja einkaleyfastöðu fyrirtækisins.


Genís ehf var stofnað árið 2005 og var Nýsköpunarsjóður annar stofnenda þess.





Valka ehf, sem stofnað var árið 2003 af Helga Hjálmarssyni, er fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun og markaðssetningu á sjálfvirknilausnum fyrir matvælaíðnað, sem hafa það að meginmarkmiði að auka gæði og bæta nýtingu hráefnisins og auka þannig virði afurðanna. Nýsköpunarsjóður keypti 20% eignarhlut í Völku ehf og mun það styrkja fyrirtækið í alþjóðlegri markaðssetningu á framleiðsluvörum fyrirtækisins sem eru vélar fyrir fiskvinnslu, aðallega á sviði flokkunar og þökkunar og hugbúnaður, vogir og tæki til merkinga. Vörurnar eru seldar undir nafninu RapidSolutions. Árangur af markaðsátaki hefur skilað sér hægar en vonir stóðu til, aðallega vegna erfiðleika kaupenda við fjármögnun bæði hér heima og erlendis, en vonir eru bundnar við að úr ræstist fljótlega. Á nýafstaðinni Sjávarútvegssýningu fékk Valka Íslensku sjávarútvegsverðlaunin 2008. Hjá félaginu starfa 6 starfsmenn.

Valka ehf var stofnað árið 2003 og kom Nýsköpunarsjóður að því 2008.




www.valka.is



Akthelia ehf byggir á niðurstöðum rannsókna við Háskóla Íslands og Karolinska Institutet í Stokkhólmi og vinnur félagið að þróun lyfja gegn bakteríusýkingum. Lyf þessi verka á annan hátt en hefðbundin sýklalyf og er því um að ræða nýja meðferð gegn sýkingum. Lyfin gætu m.a. reynst gagnleg gegn sýklstofnum sem eru ónæmir fyrir algengum sýklalyfjum. Á frumuþekjum líkamans eru bakteríudrepandi peptíð sem mynda fyrstu vörn líkamans gegn sýkingum. Margar bakteríur og örverur geta komist fram hjá þessari vörn með því að slökkva á framleiðslu peptíðanna og þannig valdið alvarlegum sýkingum. Akthelia hefur fundið efnasambönd sem kveikja aftur á framleiðslu peptíðanna en þannig má koma í veg fyrir eða lækna sýkingar vegna baktería eða örvera. Fyrirtækið vinnur að því að þróa þessi efnasambönd til notkunar sem sýklalyf. Íslenskir frumkvöðlar fyrirtækisins eru prófessorarnir Guðmundur Hrafn Guðmundsson og Eiríkur Steingrímsson.

Akthelia ehf var stofnað árið 2002 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu 2008.



www.akthelia.com



ÁRSREIKNINGUR



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins.

Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2008, efnahag þess 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábending

Við viljum vekja athygli á skýringu 15 með ársreikningnum þar sem fjallað er um þær óvenjulegu aðstæður sem hafa nú skapast á fjármálamarkaði og þeirrar almennu óvissu sem nú ríkir um áframhaldandi rekstur fyrirtækja landsins. Ekki er fyrirséð hver áhrif fjármálakreppunnar verða og því er óvissa um mat á fjárfestingaverkefnum sjóðsins.

Kópavogi, 30. mars 2009

Deloitte hf

Guðmundur Kjartansson
endurskoðandi

Áritun stjórnar

Að álitum stjórnar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins staðfesta hér með samstæðuársreikning sjóðsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. mars 2009

Í stjórn

Jón Steindór Valdimarsson
stjórnarformaður

Arnar Sigurmundsson

Ágústa Guðmundsdóttir

Grétar Þorsteinsson

Guðný Hrund Karlsdóttir

Framkvæmdastjóri

Finnbogi Jónsson

REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrartekjur og fjármagnsgjöld	10		
Vörslutekjur		(1.449.845)	1.346.712
Þóknunartekjur		3.611.064	11.141.401
Aðrar tekjur		4.375.000	6.833.332
Fjármagnsgjöld		(6.323.663)	(17.055.326)
		212.556	2.266.119
Rekstrargjöld			
Aðkeyptur kostnaður við fjárfestingaverkefni		14.348.034	17.846.958
Laun og launatengd gjöld	11	61.651.795	55.267.174
Annar almennur rekstrarkostnaður		40.570.191	30.577.047
Afskriftir	2.3	1.237.084	1.466.030
		117.807.104	105.157.209
(Tap) hagnaður fyrir fjárfestingaverkefni		(117.594.548)	(102.891.090)
Fjárfestingaverkefni			
Söluhagnaður vegna fjárfestinga í eignarhlutum		0	39.033.186
Aðrar tekjur (gjöld) vegna fjárfestinga í eignarhlutum		1.262.931	873.862
Tekjur vegna fjárfestinga í skuldabréfum		226.648.163	27.680.296
Breytingar á eignum Framtakssjóða		(1.387.027)	1.417.434
Innleystar ábyrgðir		0	(23.399.537)
Framlag í afskriftareikning	6	(341.743.007)	(141.540.373)
Veittir styrkir	13.16	(4.280.000)	(2.280.000)
		(119.498.940)	(98.215.132)
Hagnaður (tap) ársins		(237.093.488)	(201.106.222)

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

	Skýr.	2008	2007
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.3		
Bífreiðar		2.762.500	3.400.000
Húsgögn og innréttingar		2.282.432	696.410
Tölvubúnaður og skrifstofuáhöld		146.989	312.595
		<u>5.191.921</u>	<u>4.409.005</u>
Áhættufjármunir			
Skuldabréfaeign		0	25.739.760
		<u>0</u>	<u>25.739.760</u>
Fjárfestingaverkefni	4.5		
Eignarhlutar	14	2.030.089.054	1.404.606.275
Útlán		669.231.507	289.241.411
Samlagssjóðir	8	148.542.530	182.420.327
Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna	6	(810.984.522)	(655.917.585)
		<u>2.036.878.569</u>	<u>1.220.350.428</u>
		2.042.070.490	1.250.499.193
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur			
Aðrar skammtímakröfur		120.935.828	126.703.368
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar		0	2.859.973
Kröfur á tengda sjóði		8.309.835	
		<u>129.245.663</u>	<u>129.563.341</u>
Handbært fé			
Vörslusjóðir	7	1.830.478.922	2.627.829.817
Bankainnstæður og sjóðir		70.176.243	138.249.413
		<u>1.900.655.165</u>	<u>2.766.079.230</u>
		2.029.900.828	2.896.636.233
Eignir alls		<u>4.071.971.318</u>	<u>4.146.141.765</u>

31. DESEMBER 2008

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2008	2007
Eigið fé	9		
Stofnfé		4.821.767.472	4.821.767.472
Annað eigið fé		(990.359.145)	(801.445.210)
Eigið fé		<u>3.831.408.327</u>	<u>4.020.322.262</u>
<hr/>			
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Skuldabréfalán		26.572.317	25.739.759
		<u>26.572.317</u>	<u>25.739.759</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldbindingar vegna verkefna	16.17	200.989.965	42.000.000
Næsta árs afborganir langtímalána		3.378.240	2.859.973
Aðrar skammtímaskuldir		7.397.770	49.839.581
Fyrirfram innheimtar tekjur		2.224.699	5.380.189
		<u>213.990.674</u>	<u>100.079.743</u>
Skuldir		<u>240.562.991</u>	<u>125.819.502,49</u>
<hr/>			
Eigið fé og skuldir		<u>4.071.971.318</u>	<u>4.146.141.765</u>

SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrarhreyfingar			
Innborgaðar vörslutekjur og þóknanir		1.435.268	(2.951.618)
Innborgaðar aðrar tekjur		8.357.133	6.833.332
Greidd fjármagnsgjöld		(1.746.812)	(15.333.050)
Greiddur rekstrarkostnaður		(133.440.430)	(106.998.506)
Innborgaðar tekjur af fjárfestingaverkefnum		6.408.784	19.087.988
Greiddir styrkir		(5.780.000)	(5.780.000)
	Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	(124.766.057)	(105.141.854)
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir fastafjármunir		(2.020.000)	0
Ný áhættulán		(475.819.356)	(81.927.780)
Keyptir samlagssjóðir		(39.509.440)	(109.033.090)
Keypt hlutabréf		(496.552.991)	(196.171.231)
Seld hlutabréf		36.731.694	199.510.396
Sala á eignum úr Framtakssjóðum		57.325.170	70.000.000
Seldir fastafjármunir		0	350.000
Innleystar ábyrgðir		0	(23.399.537)
Fengnar afborganir skuldabréfa og verðbréfa		89.675.134	31.879.278
	Fjárfestingahreyfingar	(830.169.798)	(108.791.964)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað frá Ríkissjóði Íslands		48.179.553	91.400.000
Greiddar afborganir langtímalána		(3.271.005)	(2.840.690)
Greidd skuld vegna afeiðusamnings		(25.573.100)	0
	Fjármögnunarhreyfingar	19.335.448	88.559.310
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		(935.600.398)	(125.374.508)
Handbært fé 1.1.		2.766.079.320	2.891.453.738
Handbært fé 31.12		1.830.478.922	2.766.079.230

SKÝRINGAR

Starfsemin

1. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997 og er samkvæmt þeim sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum iðnaðarráðherra.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé, veita lán og ábyrgðir.

Starfsemi Nýsköpunarsjóðs skiptist í tvær deildir, Stofnsjóð og Tryggingadeild útflutningsins. Nýsköpunarsjóður er undanþegin tekjuskatti.

Stofnsjóður

Í Stofnsjóði er eigið fé sjóðsins eins og það er varðveitt og ávaxtað á hverjum tíma. Undir Stofnsjóð heyrir allur almennur rekstur Nýsköpunarsjóðs, deilda hans og sjóða.

Tryggingardeild útflutnings

Deildinni er ætlað að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning vöru og þjónustu, auka íslenskar fjárfestingar erlendis, þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis og þátttöku í stærri verklegum framkvæmdum hérlendis.

Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna.

Bifreiðar	15%
Húsgögn, innréttingar og skrifstofuáhöld	20%
Tölvubúnaður	33%

Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við gildandi vísitölu í janúar 2009. Gengistryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við síðasta skráða stundagengi Seðlabanka Íslands í lok desember 2008. Áfallnar verðbætur og gengismunur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstarreikning.

Hlutabréf í og útlán til áhættufjárfestingaverkefna eru metin til eignar við kostnaðarverði. Til að mæta hugsanlegum töpum sem fylgja áhættufjárfestingu er verðmæti einstakra eigna fært niður samkvæmt sérstöku mati.

Verðbréf í fjárvörslu eru færð við markaðsvirði á reikningskiladegi.

Til handbærs fjár teljast sjóður, óbundnar bankainnstæður og innstæður í auðinnleysanlegum verðbréfum.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Innréttingar, skrifstofuáh.	Tölvubúnaður	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun	6.664.317	1.469.885	4.250.000	12.384.202
Afskrifað í ársbyrjun	(5.967.907)	(1.157.290)	(850.000)	(7.975.197)
Bókfært verð í ársbyrjun	<u>696.410</u>	<u>312.595</u>	<u>3.400.000</u>	<u>4.409.005</u>
Selt á árinu	2.020.000	0	0	(2.020.000)
Afskrift ársins	(433.978)	(165.606)	(637.500)	(1.237.084)
Bókfært verð í lok ársins	<u>2.282.432</u>	<u>2.282.432</u>	<u>2.762.500</u>	<u>5.191.921</u>

Fjárfestingaverkefni

4. Breyting fjárfestingaverkefna á árinu greinist svo:

	31/12/08	31/12/07
Fjárfestingaverkefni í upphafi árs	1.220.350.428	1.280.728.672
Fjárfest í nýjum verkefnum	1.110.347.888	392.106.340
Seld fjárfestingaverkefni	(36.731.694)	(220.966.812)
Fengnar afborganir fjárfestingaverkefna	(193.520.027)	(29.038.588)
Verðbætur og gengismunur fjárfestingaverkefna	110.251.332	(15.187.350)
Breyting áfallinna vaxta	15.125.375	(22.831.108)
Breyting afskriftarsjóðs	(155.066.936)	(141.540.373)
Nettó breyting á eignum framtakssjóða	(33.877.797)	(68.582.569)
	<u>2.036.878.569</u>	<u>1.220.350.428</u>

	31/12/08	31/12/07
5. Fjárfestingaverkefni í lok ársins greinast á eftirfarandi hátt:		
Innlend fjárfesting í hlutabréfum á Íslandi	1.929.862.036	1.304.379.257
Innlend fjárfesting í hlutabréfum erlendis	100.227.018	100.227.018
 Innlend fjárfesting í skuldabréfum á Íslandi	 669.231.507	 289.241.411
 Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna	 (810.984.522)	 (655.917.585)
Eigin fjárfestingaverkefni	<u>1.888.336.039</u>	<u>1.037.930.101</u>
 Samlagssjóðir	 148.542.530	 182.420.327
	<u>2.036.878.569</u>	<u>1.220.350.428</u>
 6. Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir áhættufjárfestingu. Lagt er í þennan reikning árlega með hliðsjón af metinni áhættu hverju sinni.		
 Breyting á afskriftareikningi greinist svo:		
Afskriftareikningur í upphafi árs	655.917.585	985.496.316
Framlag ársins í afskriftareikning	341.743.0073	141.540.373
Endanlega töpuð fjárfestingaverkefni	<u>(186.676.070)</u>	<u>(471.119.104)</u>
Afskriftareikningur í lok ársins	<u>810.984.522</u>	<u>655.917.585</u>

Vörslusjóðir

7. Nýsköpunarsjóður hefur gert samninga um ávöxtun og fjárvörslu við nokkra aðila innanlands og utan.

Fjárvarslan skiptist með eftirfarandi hætti milli fjárvörsluaðila:

	31/12/08	31/12/07
Innlendir fjárvörsluaðilar	1.830.478.922	1.166.961.566
Erlendir fjárvörsluaðilar	0	1.460.868.251
	<u>1.830.478.922</u>	<u>2.627.829.817</u>

Vörslusjóðir skiptast á eftirfarandi hátt milli erlendra gjaldmiðla og íslenskra króna:

Fjárvarsla í erlendri mynt	404.687.494	1.460.868.251
Fjárvarsla í íslenskum krónum	1.425.791.4286	1.166.961.566
	<u>1.830.478.922</u>	<u>2.627.829.817</u>

Þróun vörslusjóða greinist þannig:

Staða í upphafi árs	2.627.829.8177	1.984.914.047
Innborgað til fjárvörsluaðila	0	987.600.000
Útborgað frá fjárvörsluaðilum.....	(780.227.828)	(324.922.228)
Markaðsbreytingar vörslusjóða	(17.123.067)	(19.762.002)
Staða í lok árs	<u>1.830.478.922</u>	<u>2.627.829.817</u>

Samlagssjóðir

8. Í samræmi við breytingu á lögum nr. 61/1997 hafa eignir Framtakssjóðs verið færðar í Stofnsjóð Nýsköpunarsjóðs en þar er kveðið á um að útboðnar einingar skuli leystar upp innan 10 ára eftir útboð og andvirðið renni í Stofnsjóð.

	31/12/08	31/12/07
Framtakssjóður EFA.	0	73.387.237
Auður I	13.583.494	0
Brú II	134.959.046	109.033.090
	<u>148.542.530</u>	<u>182.420.327</u>

Eigið fé

9. Innborgað stofnfé Stofnsjóðs er samtals kr. 4.821.767.472. Í 7. gr. laga nr. 61/1997 með síðari breytingum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins segir að eigið fé Nýsköpunarsjóðs skal að lágmarki vera 3.000 millj.kr. Lágmarksfjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1.janúar 2007. Eigið fé í árslok er kr. 3.831 milljónir króna í árslok 2008 og til samanburðar er lágmarksfjárhæð sú sem sett er fram í lögum og vitnað er til hér að ofan 3.695 milljónir króna.

Hreyfingar eigin fjár greinast á eftirfarandi hátt:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Flutt frá fyrra ári	4.821.767.472	(801.445.210)	4.020.322.262
Innborgun frá Ríkissjóði.....	0	48.179.552	48.179.552
Tap ársins.....	0	(237.093.488)	(237.093.488)
	<u>4.821.767.472</u>	<u>(990.359.146)</u>	<u>3.831.408.327</u>
Eigið fé Nýsköpunarsjóðs skiptist með eftirfarandi hætti milli einstakra deilda:.....		31/12/08	31/12/07
Stofnsjóður		3.822.198.236	4.017.471.187
Tryggingardeild útflutnings.....		<u>9.210.091</u>	<u>2.851.075</u>
		<u>3.831.408.327</u>	<u>4.020.322.262</u>

Samkvæmt 12. grein laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, er miðað við að iðgjöld og tryggingarhlutföll standi undir rekstri Tryggingardeildar útflutnings, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs þannig að starfsemin standi undir sér til lengri tíma litið. Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Ríkissjóður ábyrgist að öðru leyti skuldbindingar deildarinnar. Hagnaður ársins nemur 6.359.016 krónum.

Vörslutekjur og fjármagnsgjöld

	2008	2007
10. Vörslutekjur		
Vaxtatekjur af bankainnstæðum.....	5.563.852	42.064.138
Vaxtatekjur af verðbréfum	9.651.115	3.861.917
(Lækkun)/hækkun virðis eignarhluta í vörslusjóðum	(16.664.812)	(29.142.381)
Aðrar rekstrartekjur	0	(248.812)
Afföll og gengistap af skuldabréfum.....	0	(15.188.150)
	<u>(1.449.845)</u>	<u>1.346.712</u>
Þóknunartekjur	2008	2007
Fengnar þóknanir af ábyrgðum	3.155.490	3.052.411
Aðrar þóknunartekjur	455.574	8.088.990
	<u>3.611.064</u>	<u>11.141.401</u>
Aðrar tekjur		
Styrkir	<u>4.375.000</u>	<u>6.333.332</u>
Fjármagnsgjöld		
Vaxtagjöld af rekstrarfé	0	(15.413)
Vextir af skammtímaskuldum	789	(8.009.286)
Vextir af langtímaskuldum	(6.324.452)	(3.344.682)
Kostnaður vegna lántöku	0	(17.800)
Gjöld vegna gengisbreytinga á gjaldmiðlum	0	(5.668.145)
	<u>(6.323.663)</u>	<u>(17.055.326)</u>
Hreinar vörslutekjur til ráðstöfunar í rekstur og fjárfestingaverkefni	<u>212.556</u>	<u>2.266.119</u>

Starfsmannamál

	2008	2007
11. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	48.356.246	44.795.088
Launatengd gjöld	11.953.812	9.138.179
Annar starfsmannakostnaður	1.341.737	1.333.907
	<u>61.651.795</u>	<u>55.267.174</u>

Starfsmenn sjóðsins voru 5 í lok ársins 2008.

Samstarfsverkefni vegna Tryggingardeildar

12. Þann 12. apríl 2002 var undirritaður samstarfssamningur milli Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Vöruþróunar- og markaðsdeildar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins, Iðnaðarráðuneytisins og Tryggingardeildar útflutnings. Samningurinn rann út 15. apríl 2005.

Þann 15. ágúst 2005 var undirritaður nýr samstarfssamningur milli Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Vöruþróunar- og markaðsdeildar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins, Iðnaðarráðuneytisins, Útflutningsráðs Íslands og Tryggingardeildar útflutnings. Markmið samningsins, sem var til þriggja ára, var að efla starfsemi Tryggingardeildar útflutnings.

Styrkveitingar

	2008	2007
13. Styrkveitingar sjóðsins voru með eftirfarandi hætti á árinu:		
Samþykktir styrkir til vöruþróunar og markaðssetningar.....	4.280.000	6.780.000
Niðurfelldir veittir styrkir	0	(4.500.000)
	<u>4.280.000</u>	<u>2.280.000</u>

Yfirlit yfir fjárfestingaverkefni

14. Áhættuhlutabréf í eigu sjóðsins greinast þannig:

	Eignarhluti	Kaupverð:
AGR - Aðgerðagreining ehf	5,40%	12.123.600
Alur - álvinnsla ehf	11,10%	8.577.000
Atall ehf.....	30,20%	30.000.000
Auris ehf.....	5,60%	1.500.000
Betware á Íslandi hf.....	1,70%	10.000.000
Akthelía ehf	15,00%	25.000.000
Dohop ehf	7,00%	76.760.000
Fiskey hf	1,00%	562.067
Fjölblendir ehf	11,00%	125.366.732
Framtíðartækni hf (v/Oxymap ehf)	79,40%	25.500.000
Frumtak GP ehf.....	60,00%	6.000.000
Genís ehf	45,50%	109.396.397
Hafmynd ehf.....	31,30%	152.007.241
Icelandic Green Polyols Inc. (Pólýól verksmiðjan ehf)	17,60%	54.135.701
Innovit ehf	23,80%	150.000
Intel Scan Örbylgutækni ehf	49,00%	77.399.336
Íshestar ehf	19,10%	31.765.665
Kine ehf	37,20%	98.689.749
LH-tækni ehf.....	6,50%	9.659.374
Latibær ehf	1,90%	33.499.248
Lifeind ehf	43,70%	35.000.000
Marorka ehf.....	18,50%	85.298.870
Menn og mýs ehf.....	18,40%	70.236.389
Mentor ehf	20,00%	50.605.500
Nikita ehf.....	42,50%	275.990.524
Norrænar myndir ehf	28,00%	48.618.121
Primex hf	16,80%	150.722.798
Sjávarleður hf.....	49,50%	39.679.839
Spakmannsspjarir ehf.....	5,00%	3.000.000
Stiki ehf	32,00%	100.000.000
Stjórnú-Oddi hf.....	35,80%	52.521.742
Valka ehf.....	20,90%	35.083.196
Óútborguð fjárfestingaloforð		195.239.965
		<u>2.030.089.054</u>

Framtíðartækni hf. er samstarfsfélag um eignahluti í Oxymap ehf.

Framtíðartækni hf. á ca. 20% í Oxymap ehf.

Skuldbindingar

15. Mjög óvenjulegar og sérstakar aðstæður hafa skapast á fjármálamarkaði, eins og þeim er lýst í lögum nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., og þeirrar almennu óvissu sem nú ríkir um áframhaldandi rekstur fjármálafyrirtækja landsins. Þessar sérstöku aðstæður á fjármálamarkaði hafa einnig leitt til mikillar óvissu um rekstur og stöðu annarra almennra fyrirtækja landsins. Eitt af meginhlutverkum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að fjárfesta í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Aukin óvissa er því um fjárfestingaverkefni sjóðsins og ekki er fyrir séð hvaða áhrif þetta ástand hefur á stöðu hans og rekstur í framtíðinni.
16. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur veitt loforð um styrkveitingar til nokkurra aðila að uppfylltum skilyrðum samtals að fjárhæð um 5,5 milljónir króna. Þessi loforð eru færð meðal skammtímaskulda sjóðsins. Heildarfjárhæð greiddra styrkja á árinu nam um 4,3 milljónum króna.
17. Nýsköpunarsjóður hefur skuldbundið sig til þátttöku í þremur samlagssjóðum, Auði 1, Brú II og Frumtaki slhf. samtals að fjárhæð 2.000 milljónir króna. Ógreidd fjárfestingaloforð vegna þessara samlagssjóða nema í lok ársins um 1.851,5 milljónum króna. Ríkissjóður Íslands hefur skuldbundið sig að leggja stofnfjárframlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins að fjárhæð 1.408,6 milljónir króna til að sjóðurinn geti mætt þessum skuldbindingum í samlagssjóðum.
18. Stjórn Nýsköpunarsjóðs hefur samþykkt að veita ábyrgðir til þriðja aðila til tryggingar bankalána. Í árslok 2008 nema veittar ábyrgðir 15,1 milljón króna.
19. Tryggingardeild útflutnings hefur veitt ábyrgðir til þriðja aðila. Á reikningsskiladegi voru eftirstöðvar þessara ábyrgða um 218,9 milljón króna sem jafngildir um 1,2 milljónum í sérstökum dráttarréttindum. Samkvæmt lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins meiga heildarskuldbindingar Tryggingardeildar ekki nema hæri fjárhæð en 130 milljónum í sérstökum dráttarréttindum.

Endurgreiðslutími ábyrgðarskuldbindinga Tryggingardeildar greinist þannig:

Endurgreiðslutími ábyrgðarskuldbindinga Tryggingardeildar greinist þannig:	31/12/08
Gjaldfallin ábyrgð	26.798.209
Til endurgreiðslu á árinu 2009.....	21.615.858
Til endurgreiðslu á árinu 2010.....	0
Til endurgreiðslu á árinu 2011.....	170.455.507
	<hr/>
	218.869.574

Nýsköpunarsjóður

Kringlan 7 - 103 Reykjavík
Sími 510 1800 - fax 510 1509
www.nsa.is - nsa@nsa.is

Umsjón, hönnun og umbrot: Tunglið-auglýsingastofa
Prentun: Svansprent
Landslagsmyndir: NordicPhotos.
Aðrar ljósmyndir: Ýmsir ljósmyndarar.



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR